



Unglingamenning og félagsmiðstöðvar

Sif Ómarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Unglingamenning og félagsmiðstöðvar

Sif Ómarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Þóroldur Þórlindsson

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sif Ómarsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar er tvíþætt. Annars vegar felst það í því að setja starf félagsmiðstöðva í kenningalegt samhengi. Fyrst rek ég kenningar um sjálfsmynd unglunga, kenningar um þýðingu skipulags og óskipulags tómstundstarf og myndun félagsauðs. Því næst fjalla ég um þróun og skipulag félagsmiðstöðva í Reykjavík og þær hugmyndir sem liggja að baki starfsins. Hins vegar felst markmið þessarar rannsóknar í því að skoða starf félagsmiðstöðvar útfrá sjónarmiðum þeirra unglunga sem sækja þær. Rætt var við tvo rýnihópa sem skipt var eftir kyni.

Viðtölin voru byggð á opnum spurningum. Spurt var um hvað unglingum finndist vera mikilvægast, hvað þeir gera og hvað skilur unglíngamenningu frá menningu fullorðinna. Einnig var spurt um helstu ástæður þess að unglíngar sækja félagsmiðstöðvar og hvaða tilgangi þeim finnst þær þjóna. Helstu niðurstöður eru þær að unglíngarnir telja sig vera sér hóp í samfélaginu sem eiga fátt sameiginlegt með fullorðnum. Unglíngar sækjast mikið eftir skemmtun, afþreyingu og félagsskap jafnaldra. Unglíngum finnst mikilvægt að félagmiðstöðvar séu skemmtilegar og þar vinni skemmtilegt starfsfólk. Þeir sjá starfsfólkið sem eins konar millilið milli samfélags unglunga og samfélags fullorðinna. Þrátt fyrir að félagmiðstöðvar eigi fyrst og fremst að hafa skemmtanagildi gera þeir sé vel grein fyrir því að í félagmiðstöðvastarfi eru unglíngar að æfa félagsfærni sína og að starfið hefur forvarnargildi.

Abstract

The Icelandic youth clubs system is based on the premises that adult guided youth activity is important for the positive development of youth. The youth clubs offer young people the opportunity to interact with peers and organize social events in a safe environment. The organization of the youth club activities acknowledges that the peer group has its own social organization. Adolescents form a society that has some independence from adult society. Official policy assumes that participation in youth clubs activities contributes to the development of social skills, increases self-esteem and reduces risk behavior.

Research suggests that organized youth leisure activity is beneficial for adolescents in many ways. Little research exist, however, how the adolescents themselves see the youth club activities. In this research I attempt to fill this gap in the research and further our understanding of youth club activities in two ways.

First I review theoretical liteature on self-development, the benefits of organized leisure activities and the development of social capital. Second, I use focus groups comprised of adolescents that are frequent visitors to youth clubs to cast light on their views and attitudes towards the club activities.

The findings indicate that the adolescents see the clubs as an opportunity to meet peers, develop friendship and develop their social skills. They argue that it helps them overcome shyness and even social phophia. The findings indicate that the adolescents look at themselves as a group that has little in common with adult society. They are not interested in adult activities. They are not interested in politics. They do not listen to news. They do not watch the same programs as their parents. They are interested in celebrities, pop and rock stars, movie stars sport heroes and fashion. There existed considerable difference between boys and girls. There was a striking concern with looks among the girls. Interestingly the adolescents saw the clups as their social niche where they felt free to have fun and do their own things. They see the staff of the youth clubs as somewhere in betwen adult and youth society.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	6
2	Kenningar	8
2.1	Unglingar og unglíngamenning.....	8
2.2	Sjálfsmýnd unglínga.....	9
2.3	Tómstundir unglínga	11
2.3.1	Skipulagt og óskipulagt tómstundastarf	13
2.4	Félagsauður	15
3	Saga tómstundastarfs.....	20
3.1	Upphaf tómstundastarfs á Íslandi	20
3.2	Tómstundastarf í Reykjavík	23
3.3	Starfsemi félagsmiðstöðva í Reykjavík.....	23
3.3.1	Opið starf.....	24
3.3.2	Hópastarf	24
3.3.3	Unglingalýðræði.....	25
3.3.4	Viðburðir og ferðir	26
3.3.5	Forvarnarstarf	26
3.3.6	Starf fyrir 10-12 ára börn	26
3.3.7	Starfsfólk	27
3.3.8	Aðsókn í félagsmiðstöðvar í Reykjavík	27
4	Rannsóknaraðferð.....	29
4.1	Framkvæmd.....	29
4.2	Þátttakendur.....	30
4.3	Skráning og úrvinnsla.....	30
5	Niðurstöður.....	32
5.1	Sýn þátttakenda á unglíngamenningu.....	32
5.2	Sýn þátttakenda á félagsmiðstöðvastarfi	34
5.2.1	Skemmtun og félagsskapur	34
5.2.2	Félagsfærni og forvarnargildi.....	35
5.2.3	Starfsfólk	36
5.2.4	Sýn þátttakenda á fyrirmýndum og sjálfsmýnd.....	37
6	Umræður	39
6.1	Unglíngamenning	39
6.2	Félagmiðstöðvar	40
6.2.1	Félagsfærni og forvarnargildi.....	40
6.2.2	Starfsfólk	42
6.3	Fyrirmýndir og sjálfsmýnd.....	43
7	Lokaorð.....	44
8	Heimildaskrá	46

1 Inngangur

Viðfangefni þessarar rannsóknar er unglingsmenning og sýn unglunga á félagsmiðstöðvar. Ég hef starfað í félagmiðstöð frá árinu 2009 og hef kynnst unglungum og félagsmiðstöðvastarfi náíð. Unglingar fá sjaldan jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum; sjónarmið þeirra og skoðanir eiga þess vegna örðugt uppdráttar. Í starfi mínu með unglungum hef ég kynnst mörgum jákvæðum hliðum þeirra og vildi því skoða nánar „unglingamenninguna” og sýn þeirra á félags-miðstöðvastarf. Í starfi mínu hjá félagsmiðstöð hef ósjaldan fengið þessi viðbrögð frá vinum, kunningjum og fjölskyldu: „Svo þú færð borgað fyrir að leika þér!” Ég svara þeirri spurningu ávallt játandi þar eð starf félagsmiðstöðva byggist að miklu leyti upp á frjálsum leik og vitaskuld tek ég þátt í honum. Þar sem um er að ræða unglunga en ekki börn, felst þessi leikur iðulega í samveru og sófaspjalli. Þrátt fyrir að ég leiki mér í vinnunni og eyði tíma með unglungum við alls kyns iðju er þar með ekki sagt að starf mitt sé tilgangslaust. Viðhorf samfélagsins virðst oft vera það, að félagsmiðstöð sé einungis staður fyrir unglunga til að hanga og leikur þjóni engum tilgangi. Vissulega er félagsmiðstöð vettvangur fyrir unglunga að hittast og skemmta sér, en það sem fáir gera sér grein fyrir er að þar fer einnig fram uppbyggilegt og markvisst starf sem gagnast bæði unglungum sem þangað sækja og samfélaginu í heild.

Unglingsárin eru tími mikilli breytinga og eyða unglingar miklum tíma með jafnöldrum. Coleman (1961) fjallaði um hvernig unglingar mynda sitt eigið litla samfélag sem er oft í litlum samskiptum við samfélag fullorðinna. Unglingar eru sérstakur markaðshópur og nota sín eigin orð og tákni og hafa eigin áhugamál. Það verður því kynslóðabil milli unglunga og fullorðinna. Þegar talað er um kynslóðabil er átt við verulegan mun milli kynslóða í lífsviðhorfum og atferli. Það vísar einkum til foreldra og barna þeirra. Þetta kynslóðabil veldur því að fullorðnir eiga oft erfitt með að skilja unglunga og öftugt. Sumir vilja kenna hraðri samfélagsþróun um þetta fyrirbæri, en líklegri er þó að rót þessa fyrirbæris sé öllu nærtækar.

Erikson sagði að unglingsárin væru mótunartími sjálfsmýndinarinnar og mikilvægt er að öðlast sterka sjálfsmýnd á unglingsárunum í stað þess að vera í sífelldri leit að sjálfum sér (Berger, 2011). Mead sagði að fólk þurfi samskipti til að geta myndað

sjálfið; það verður til vegna getu fólks til að nota tungumál og taka hlutverk annarra til greina (Beeghley, Powers og Turner, 2007). Félagsmiðstöðvar geta átt stóran þátt í mótun sjálfsmyndar unglunga, því þar á fólk í stöðugum samskiptum við jafnaldra. Nú til dags eyða unglingar sífellt meiri tíma á netinu og því hefur dregið úr samskiptum þeirra auglitis til auglitis, því gegna félagsmiðstöðvar enn miklvægara hlutverki en áður fyrr. Unglingar þjálfa ekki félagsfærni sína í skólunum, leika sér lítið saman svo félagsmiðstöðvar eru einn af fáum stöðum fyrir unglunga til að vera í samskiptum, öðlast góða sjálfsmynd og félagsfærni.

Fritíminn skipar stóran sess í lífi unglunga og er þeim mjög dýrmætur. Það er mikilvægt að unglingar nýti frítíma sínum á jákvæðan hátt og fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi skipulagðs tómstundastarfs fyrir unglunga. Þar öðlast unglingar frumkvæði og læra margt um sjálfan sig (Hansen, Larson og Dworkin, 2003). Einnig eru unglingar líklegri til frávikshegðunar í óskipulögðri tómstundariðju með jafnöldrum án eflirlits fullorðinna (Osgood, 1996). Skipulagt tómstundastarf líkt og félagsmiðstöðvastarf þjónar því mikilvægu uppeldis- og forvarnarhlutverki.

Coleman (1988) fjallaði um félagsauð og mikilvægi hans fyrir samfélög. Félagsauður verður til í samskiptum milli einstaklinga og auðveldar athafnir. Hann er hjálpartæki sem auðveldar fólki að ávinna sér hagsmuni. Félagsauður er möguleikinn á upplýsingum í félagslegum samskiptum og gildin sem einstaklingar fara eftir og hagnast samfélagsheildinni. Félagsauður hefur mikilvæg áhrif á sköpun mannauðs, hefur jákvæð áhrif á allt umhverfi sitt og hagnast ekki einungis þeim einstaklingum sem skapa hann. Félagsauður þjónar almannahagsmunum og gegnir mikilvægu hlutverki í þroska barna og ungmenna (Coleman, 1988). Starfsemi félagsmiðstöðva eykur félagsauð í þeim hverfum sem þær eru starfræktar og hafa þannig ekki bara jákvæð áhrif á þá unglunga sem starfið sækja heldur allt hverfið.

Félagmiðstöðvastarf á sér ekki langa sögu á Íslandi og hefur lítið verið kannað. Ég vildi með þessari litlu rannsókn athuga hvað unglungum sem sækja félagmiðstöðvar þyki vera mikilvægast í starfinu og hvaða tilgangi þeir telja að félagsmiðstöðvar þjóni. Kanna hvort að unglingar eigi sér eigin menningu og hvað er unglungum mikilvægt. Sem starfsmaður í félagmiðstöð hef ég gott aðgengi að unglungum og ákveðnar hugmyndir um hvað ég vildi kanna nánar. Það var því tilvalið að gera eigindlega rannsókn á viðfangsefninu.

2 Kenningar

Hér verður rýnt í fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar. Fjallað verður um unglingsárin og kenningar Coleman's um unglíngamenningu. Fjallað verður um sjálfsmýnd unglínga út frá kenningum Erikson og Mead. Fjallað verður um kenningar Coleman's um félagsauð og rannsóknir á félagsauð. Loks verður fjallað um tómsundur og rannsóknir á tómsundurastarfi.

2.1 Unglíngar og unglíngamenning

Unglíngar eru hugtak sem við þekkjum vel en er þó nokkuð nýlegt. Unglíngar á vesturlöndum lifa á milli barnæsku og fullorðinsára í samfélagi sem er háð sífelldum breytingum (Giddens, 2009). Hér er um að ræða tiltekið þróunarstig og þess vegna þarf að aðgreina unglíngsárin frá bernsku og fullorðinsárum. Áður fyrr voru unglíngsárin stuttur tími en með iðnbyltingunni á Vesturlöndum á seinni hluta nítjándu aldar varð menntun barna skylda og hlutverk unglínga breyttust. Ungt fólk þroskast mun hraðar líkamlega en áður var. Þarfir vinnumarkaðarins eru mun meiri en en áður og krafan um lengri og tæknlegri menntun hafa lengt unglíngsárin til muna (Muuss og Porton, 1999). Unglíngsárin eru tími stálpunar og þroska frá æsku til fullorðinsáranna í öllum samfélögum. Unglíngsárin eru tími breytinga: líffræðilegra, sálfræðilegra, félagslegra og efnahagalegra. Á unglíngsárinum fá einstaklingar áhuga á kynlífi og verða líffræðilega færir um að eignast börn. Þeir verða fróðari, veraldavanari og hæfari til að taka eigin ákvarðanir. Þeir verða meðvitaðri um sjálfan sig, sjálfstæðari og hafa meiri áhyggjur af framtíðinni. Á unglíngsárunum mega einstaklingar fara útá vinnumarkaðinn, gifta sig, aka bíl og kjósa. Oft er talað um að unglíngsárin séu frá 13 til 19 ára en þau hafa lengst þó nokkuð af mörgum ástæðum. Unglíngar þroskast sem áður segir líkamlega fyrr en áður og margir fresta því að fara á vinnumarkaðinn og gifta sig fram á miðjan þrítugsaldur. Vegna þessara breytinga má segja að manndómsár taki við af unglíngsaldrinum og standi fram undir þrítugt hjá þeim sem sækja sér langskólamenntun. Unglíngsárunum er oft skipt í þrennt eftir aldurbilum, enda er t.d. mikill munur á 13 ára og 18 ára unglíngi. Grundvallabreytingar unglíngsáranna eru kynþroski, tilkoma þróaðri hugsunargetu og umskiptin í ný hlutverk í samfélaginu (Steinberg, 2005).

Nútíma samfélag breytist hratt og börn feta sjaldnar í í fótspor foreldra sinna en áður tíðkaðist. Vegna sífelldra breytinga eru foreldrar ekki alltaf í takt við tímann og eiga því stundum erfitt með að skilja félagslegan veruleika unglunga sem hefur breyst mikið síðan þeir voru ungir. Unglingar eyða miklum tíma með jafnöldrum og mynda „sitt eigið litla samfélag“ sem er oft í litlum samskiptum við samfélag fullorðinna (Coleman, 1961). Unglingar og fullorðnir vaxa úr grasi við mismunandi félagslegar aðstæður og þróa því með sér mismunandi hegðun, gildi og skoðanir. Gildi og skoðanir unglunga geta verið fjandsamleg gildum og skoðunum fullorðins samfélagsins og leiðir það til spennu á milli kynslóða (Steinberg, 2005). Fjölmargir unglingar hneigjast mjög til þess að nota einnig sín eigin orð og tákni og hafa sín eigin áhugamál. Unglingar eru sérstakur markaðshópur og markaðsöflin gera út á ákveðna gerð afþreyingar, sem er sérstaklega sérstaklega hönnuð fyrir þá (Coleman, 1961). Unglingar nú til dags leita sjaldnar til og hlusta minna á sjónarmið fullorðinna en áður. Fullorðna fólkið þarf síður á unglungum að halda en áður fyrr, til að sinn heimilisstörfum, bústörfum og fleira. Unglingar bera litla ábyrgð og hafa ekki sömu skyldum að gegna og fullorðnir. Unglingar þurfa að njóta tiltekens frelsis, en samfélagið verður að bjóða upp á öruggt umhverfi og réttu tækifærin fyrir þá (Coleman, 1965). Vegna þess hversu hratt samfélagið þróast mun alltaf vera kynslóðabil, hver kynslóð fyrir sig fullorðnast með ólíka reynslu og skoðanir (Steinberg, 2005).

2.2 Sjálfsmýnd unglunga

Með hugtakinu sjálfsmýnd er átt við það hvernig einstaklingur skynjar sjálfan sig. Hugtakið er víðfeðmt og spannar þætti á borð við útlit, hegðun, hæfni, stöðu o.fl. Sjálfmýnd fólks ræður miklu um það hvernig það nýtur sín í samfélaginu. Hún hefur áhrif á námsgetu, metnað, atorkusemi, samskipti og tilfinningaleg viðbrögð. Í bernsku er lagður grunnur að þroskun sjálfsmýndarinnar en hún mótast mest á unglingsárunum og er eitt erfiðasta verkefni þeirra. Þroskuð sjálfmýnd sé sú ímynd sem einstaklingur hefur einhvers konar heildarmýnd af sér, sem ekki tekur sífelldum að breytingum. Þær miklu líkamlegu breytingar sem verða á unglingsárunum koma róti á sjálfsmýndina. Unglingar eru oft óruggir um sjálfa sig, það verður miklilvægara en áður að líkjast jafnöldrum og vinahópurinn fer að skipta meira máli en áður. Unglingar sækja hald sitt og traust í vinahópinn og fjölskyldan fer að skipta minna máli. Í unglingshópum er er lögð rík áhersla á að allir meðlimir hópsins aðhyllist eða fylgi þeim normum sem hópurinn hefur

og eru frávik frá þeim litin hornauga (Aldís Guðmundsdóttir, 1992).

Sálfræðingurinn Erik H. Erikson setti fram kenningu um æviskeið mannsins. Hann sagði unglingsárin tímáskeiðið sem við mótum sjálfsmyndina og reynum að komast að því hver við erum. Þeir sem ekki ná að móta sjálfsmynd sína lenda í sjálfmyndaruglingi og þekkja ekki sjálfan sig. Mikilvægt er að öðlast sterka sjálfmynd á unglingsárunum til að fullorðnast og týnast ekki í sífelltri leit að sjálfum sér (Berger, 2011). Sjálfið (sjálfsmynd) er kjarni hvernar manneksju en þrátt fyrir það eru við ekki alltaf að hugsa um sjálfsmyndina. Sjálfið er sálfræðilegt ástand þar sem við erum meðvituð um tilfinningar og hegðun okkar, þ.e. vitneskjuna sem við höfum um okkur sjálf. Við erum ekki fædd með sjálfmynd heldur hún verður smám saman til er fram líða stundir með vexti og þroska. Við þurfum meiri upplýsingar um sjálfið en allt annað (Crisp og Turner, 2010).

Fyrir unglingsárin er sjálfsmynd barna ómótuð en í lok unglingsáranna hefur hún hins vegar mótast að verulegu leyti. Á unglingsárunum verður unglingurinn að taka sífellt erfiðari persónulegar, atvinnutengdar, kynferðislegar og hugmyndafræðilegar ákvarðanir út frá öllum mögulegum og hugsanlegum samböndum og forsendum. Þau félagslegu öfl sem renna saman við unglingsárin neyða unglingsmanninn til að velta fyrir sér stöðu sinni í samfélaginu, hvernig aðrir sjá hann og möguleikum sínum í framtíðinni. Það er vitsmunaleg og tilfinningaleg þroskabrot sem gengin er að því markmiði að ná jafnvægi, sátt og skilningi á sjálfum sér. Samkvæmt Erikson er það ekki fyrr en á unglingsárunum sem einstaklingar hafa greindar- og tilfinningarlega getu til þess. Þessir þættir eru lykill þess að ná að þroska móta sjálfsmyndina, í stað þess að lenda í sjálfmyndaruglingi, að ógleymdum mannlegum samskiptum (Steinberg, 2005).

Með því að bregðast við viðbrögðum þeirra sem skipta hann máli, velur unglingurinn og hafnar ýmsum kostum, sem hver og einn gæti orðið partur af sjálfsmynd hans. Samskipti unglingsins við aðra eru eins gagnabanki og þangað getur hann sótt upplýsingar um hver hann er og hver hann vil verða. Af viðbrögðum annarra lærum við t.d. hvort við erum hæf eða klaufsk, aðlaðandi eða ófríð, félagslega lunkinn eða taktlaus. Einna mikilvægast er að við lærum af öðrum hvað af því sem við gerum, er þess vert að ástunda í daglegri breytni og hvað er ekki þess vert. Myndun sjálfsmyndar er þar að leiðandi félagslegt sem og hugrænt ferli. Erikson lagði mikla áherslu á hlutverk samfélags unglingsanna (og þá sérstaklega þá einstaklinga sem hafa áhrif á unglingsmanninn) í

að móta sjálfmynd þeirra. Sjálfsmynd unglings er afurð gagnkvæmrar viðurkenningar milli unglings og samfélags. Unglingurinn mótar sjálfsmynd sína en á sama tíma skilgreinir samfélagið unglingsinn (Steinberg, 2005).

Sjálfíð er hugtak sem George Herbert Mead lagði hvað mesta áherslu á. Samkvæmt Mead sprettur sjálfíð úr frá gerð samfélagsins og því getur sjálfíð ekki verið án samfélagsins. Mead segir að samfélagið komi á undan einstaklingum og við þurfum samskipti til þess að geta myndað sjálfíð. Við fæðingu höfum við ekkert sjálf!. Félagsmótun hefst með samskiptum við aðra og þá kveiknar sjálfíð. Það verður til vegna getu fólks til að nota tungumál og setja sig í spor annarra (Beeghley, Powers og Turner, 2007). Sjálfíð felur í sér félagslega þætti eins og hlutverk, viðmið, reglur, gildi og sjálfstjórn. Fólk hefur mismikil áhrif á okkur. Þeir sem hafa mestu áhrifin eru kallaðir „mikilvægir aðrir“ (e. significant others). Einstaklingurinn lærir af öðrum með að taka hlutverk þeirra. Við setjum okkur í spor annarra og tökum við viðmiðum og gildum þeirra. Sjálfíð er blanda af sjálfum margra annarra því fólk tekur viðhorf annarra og færir yfir á sig.

Þetta tengist kenningu Cooley's um spegilssjálfíð, þ.e.a.s. að það, hvernig við sjáum okkur sjálf fer eftir því hvernig við höldum að aðrir sjái okkur (Kando, 1977). Sjálfíð er opið kerfi sem lokast ekki, menn mótast alla ævi og eiga því að vera opnir fyrir tækifærum. Sjálfíð er félagsleg afurð og líka hluti af félagslegu ferli sem tengist öllu sem við gerum. Samskiptahópar okkar og einstaklingar eru alltaf að skilgreina hver við erum. Við verðum að hafa áhrif á umhverfið til að fá viðbrögð frá öðrum, geta lært á samfélagið og byggt upp eigin sjálfsmynd. Eftir því sem við verðum betri í að skoða hvernig aðrir sjá okkur og setja okkur spor öðlumst við betri sjálfsskilning (Calhoun, Gerteis, Moody, Pfaff, Schmidt og Virk, 2007)

2.3 Tómstundir unglinga

Tómstundir eru athöfn, hegðun eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum og flokkast sem tómstundir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, þ.e. að einstaklingurinn líti sjálfur svo á að um tómstundir sé að ræða. Að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé frjálst val og hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010).

Tómstundir skipa stærri sess í lífi unglunga en skóli og vinna samanlagt. Unglingar eyða um 40-50% af tíma sínum þegar þeir eru vakandi í tómstundir en um 35-40% í skóla og vinnu. Tómstundariðja felur í sér samveru með vinum, íþróttaiðkun, leiki, horfa á sjónvarp, hlusta á tónlist, vera á internetinu, spila tölvuleiki, æfa sig á hljóðfæri, versla, huga að áhugamálum og bara „hanga“. Einn mikilvægur munur er á tómstundum og öðrum athöfnum unglunga sem er sá, að þeir ákveða sjálfir tómstundiaíðjuna, en tíma þeirra í skóla og vinnu er stjórnað af öðrum. Meðal millistéttarunglinga í Bandaríkjunum leiðist meira en 25% í kennslustundum og sumir kvarta yfir leiðindum í meira en 50% af skólatímanum. Þá er að nefna þær aðstæður er unglingar kvarta sjaldast undan leiðindum. Þ.e. í tómstundum (Steinberg, 2005). Unglingum leiðist meira við aðstæður þar sem þeim finnst þátttaka sín vera skyldug (Caldwell, Darling, Payne og Dowdy, 1999). Uppbyggilegt tómstundarstarf unglunga leiðir til betri námsárangurs, andlegrar heilsu og sjálfsmyndar. Þeir unglingar sem taka lítinn eða engan þátt í tómstundarstarfi standa sig verr í skóla og eiga við fleiri vandamál að stríða (Bartko og Eccles, 2003). Tómstundir eru taldar sérstaklega mikilvægar fyrir þroska því þær veita tækifæri til að öðlast nýja færni, mynda félagsleg sambönd og betri sjálfsvitund á unglingsárunum. Tómstundir auka skiling fólks á sjálfstæði og sjálfstjórn því þær eru valfrjálssar (Trainor, Delfabbro, Anderson og Winefield, 2010). Tómstundir eru einnig taldar draga úr streitu og fólk eykur andlega heilsu sína ekki einungis með þátttöku heldur og með því að taka þátt í tómstundum sem samsvarar persónuleika þess (Melamed, Meir og Samson, 1995). Tómstundir sem bæði eru uppbyggilegar og valfrjálssar eins og íþróttir, áhugamál, listræn starfsemi og klúbbar eru sérstaklega gagnleg fyrir sálfræðilega heilsu unglunga. Fullorðnir hafa oft blendar tilfinningar og viðhorf til tímunda unglunga. Flestir líta svo á að skipulagðar íþróttir og skapandi tímstundir hjálpi unglungum að byggja upp „karakter“, kenni þeim mikilvæga hæfni eins og t.d. samvinnu og þrautseigju. Aftur á móti líta sumir úr hópi fullorðinna á tímstundaiðju unglunga sem tímasóun eða jafnvel vandamál (Steinberg, 2005).

Tæknisamfélagið hefur fært unglungum mikinn frítíma og fullorðnir ætlast til þess til að hann sé afkastamikill. Skilgreininginn á tímstundum segir aftur á móti að þann tíma megi nota í annað en framleiðni. Tómstundir gegna mikilvægu hlutverki í að hjálpa ungu fólki að þróa með sér sjálfsvitund, kanna samband sitt við aðra og læra á samfélag sitt (Steinberg, 2005).

Mismunandi athafnir unglunga veita þeim mismunandi lærdómsumhverfi til þroska. Fjölmargar daglegar athafnir unglunga eins tómstundastarf veita þeim tækifæri og aðstæður sem geta verið tilvaldar á þroskabrautinni. Unglingar upplifa meiri hvatningu og vitsmunalega stefnumótun í tómstundastarfi en annars staðar í lífi sínu. Þátttaka í tómstundastarfi dregur úr vandamálahegðun unglunga og þeir haldast frekar í skóla. Þátttaka í tómstundastarfi hefur áhrif bæði á persónulega og félagslega þróun. Unglingar öðlast frumkvæði, læra margt um sjálfa sig og fá betri mynd af því hverjir þeir eru í tómstundastarfi. Þegar tómstundastarf felur í sér langtímamarkmið er það orðin tiltekin áskorun eða ögrun og gefa unglungnum þannig kost á að þróa með sér hæfni til að vinna að ákveðnum markmiðum, skipuleggja tíma sinn og leysa ýmis vandamál. Tómstundastarf getur líka haft áhrif á tilfinninga-, vitsmuna- og líkamlega hæfni en áhrifin eru þó enn nokkuð óþekkt (Hansen, Larson og Dworkin, 2003). En ungmenni öðlast líka félagslega færni í tómstundastarfi. Þar sem unglingar þurfa að vinna saman til að ná markmiðum sínum hlúa þeir að félagslegri hæfni, læra að vinna með öðrum og þróa með sér leiðtogaþæfileika. Tómstundastarf dregur einnig úr skólatengdri vandamálahegðun, sérstaklega tengda einelti og að nemandur flosni upp úr námi (Eccles og Templeton, 2002 ; Patrik, 1999). Félagstarf ungmenna veitir einstakt umhverfi til að þróa sambönd og skilja betur jafnaldra af ólíkum uppruna (Holland og Andre, 1987 ; Patrick, 1999).

2.3.1 Skipulagt og óskipulagt tómstundastarf

Tómstundaiðja unglunga getur einnig haft neikvæða afleiðingar. Gögn hafa sýnt að ákveðnar gerðir af tómstundum tengjst andfélagslegri hegðun eins og afbotum, árásgirni, áfengis- og fíkniefnaneyslu og uppgjöf úr skóla (Mahoney og Stattin, 2000). Með að skipuleggja frítíma ungmenna er hægt að draga úr andfélagslegri hegðun og öðrum vandamálum (Osgood, 1996).

Langtímamat á þátttöku unglunga í tómstundariðju styður mjög þá kenningu, að skipulagt tómstundastarf dragi úr andfélagslegri hegðun. Rannsókn á unglungum í Kanada sýndi að unglingar sem taka þátt í tómstundariðju sem stjórnað er af hæfum fullorðnum einstaklingum sýna lægri tíðni árásgirni og andfélagslegrar hegðunar. Önnur rannsókn sýndi að stúlkur og drengir með margvísleg aðlögunarvandamál sem seinna urðu þátttakendur í tómstundastarfi utan námskrár væru mun ólíklegri til að hætta í skóla sem unglingar eða verða handtekin fyrir glæpsamlega hegðun sem ungt fólk.

Ýmis tómsundariðja unglunga er tiltölulega sjálfsprottin, og er sinnt án formlegra reglna eða leiðbeininga frá fullorðnum stjórnendum. Hún felur í sér fremur fá bein markmið tengd hæfileika þróunar og þroska eins og að horfa á sjónvarp og „hanga“ með jafnöldrum. Allir unglingar stunda þessa gerð óskiplagðrar tómsundariðu að einhverju leyti og því getur verið lítið samband á milli óskipulagðar tómsundariðu og frávikshegðunar. Aftur á móti eru tækifærin til að stunda andfélagslega hegðun fleiri í óskipulagðri tómsundariðu en skipulagðri, sérstaklega ef félagslegt samhengi athafnanna felur í sér hátt hlutfall jafningja sem stunda frávikshegðun. Sókn í óskipulagða tómsundariðu getur leitt til kjöraðstæðna til að hefja, halda áfram og auka andfélagslega hegðun. Skipulögð tómsundariða er oft félagslega margbreytilegri og felur í sér samvinnu við jafningja, stuðning frá fjölskyldu og leiðsögn fullorðinna (Mahoney og Stattin, 2000). Skipulagðir klúbbar og liðsheildir draga að sér ungt fólk af ólíkri félagslegri og námslegri hæfni. Fyrir unglunga með lágmarks hæfni, veitir þátttaka í tómsundinni tækifæri til að mynda sambönd við hæfari jafnaltra sem þeir geta kannski ekki nálgast á annan hátt (Osgood, 1996).

Til samanburðar skortir óskipulagða tómsundariðu oft hefðbundin félagsleg samskipti og ýtir jafnvel undir frávikshegðun. Unglingar eru líklegri til frávikshegðunar í óskipulagðri tómsundariðu með jafnöldrum sem eru án eftirlits fullorðinna. Óskipulagðar tómsundir veitir meiri tíma til frávikshegðunar og nærvera jafnaltra auðveldar þátttöku í frávikshegðun og gerir hana eftirsóknarverðari. Fjarvera fullorðinna dregur úr möguleika þess að brugðist sé við frávikshegðuninni. Sterkt samband er á milli samveru með jafnöldrum utan heimilis án eftirlits fullorðinna og frávikshegðunar en það á aðeins við ef samveran hefur ekki skipulagðan tilgang, eins og að fara á stefnumót eða stunda íþróttir (Osgood, 1996). Óskipulögð tómsundariða getur leitt til andfélagslegrar hegðunar vegna félagslegra áhrif og foreldrar eru einnig ólíklegri til að fylgjast með óskipulagðri tómsundariðu en skipulagðri eðli málsins samkvæmt. Það dregur úr vitneskju foreldra á því hvað börnin þeirra eru að gera og dregur jafnvel úr trausti. Þeir, sem taka þátt í tómsundariðu, eiga fleiri vini sem þeir umgangast utan skóla en þeir sem ekki taka þátt (Mahoney og Stattin, 2000).

Leiða má sterkar líkur að því að unglingar sem taka þátt í skipulagðri tómsundariðu umgangist færri jafnaltra sem stunda frávikshegðun (e. deviant peers) en þeir sem taka þátt í óskipulagðri tómsundariðu. Unglingar, sem taka frekar þátt óskipulögðum

tómstundum, eiga frekar eldri vini, þeir eru lengur úti á kvöldinn, standa sig verr í skóla og hafa oftast komist í kast við lögregluna. Þetta gefur til kynna að jafningjastuðningur tengdur tómstundum getur verið bæði til góðs og ills. Stuðningur fullorðna, við ungmenni sem stunda ekki frávíkshæðun og skýr markmið í skipulagtri tómstundariðju gefa einstaklingum tækifæri á að bæta félagslega og/eða líkamlega hæfni og stuðlar að jákvæðri hegðun (Mahoney og Stattin, 2000). Rannsókn á íslenskum unglingum sem beindist að sambandi tómstundaiðkunar, hegðun jafnaldra og vímuefnaneyslu sýndi fram á að unglingar sem taka þátt í skipulögðum tómstundum eins og íþróttum og starfi á vegum félagsmiðstöðva eru ólíklegri til að neyta áfengis og fíkniefna. Áhrif þess að umgangast jafnaldra sem neyta áfengis og fíkniefna á vímuefnaneyslu dvína með aukinni þátttöku í íþróttum og félagsmiðstöðvastarfi. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi skipulagðra tómstunda fyrir unglinga sem forvarnarstarf í nútíma samfélagi (Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 2006).

2.4 Félagsauður

Félagsauður er skilgreindur út frá virkni sinni. Félagsauður er ekki ein eining heldur ýmsar ólíkar einingar, með tvö sameiginlega eiginleika: þær samanstanda allar af einhverju sjónarmiði um félagslegri formgerð (e. social structures) og auðvelda ákveðna aðgerð geranda innan formgerðarinnar. Félagsauður felur í sér tækifæri til margvíslegs árangurs sem ekki væri gerlegur án hans. Efnislegur auður felur í sér sýnilega mynd efnis eins og framleiðslutæki eða peninga. Mannauður verður til með þeim breytingum sem verða þegar einstaklingur öðlast nýja kunnáttu og færni. Félagsauður verður aftur á móti til gegnum breytingar í samskiptum milli einstaklinga sem auðveldar athafnir. Félagsauðurinn býr ekki í gerendunum sjálfum eða í efnislegum framleiðslutækjum. Líkt og efnislegur auður og mannaúður auðvelda árangursríka virkni, gerir félagsauður það líka. Til dæmis getur traustur og orðheldinn hópur afkastað mun meiru en sambærilegur hópur án trausts og orðheldni. Fólk getur notað félagsauð sem auðlind eða bjargir til að ávinna sér hagsmuni. Félagsauður er hjálpartæki sem aðstoðar fólk við að ná sínu fram (Coleman, 1988).

Mikilvægur hluti félagsauðsins er möguleikinn á upplýsingum sem felast í félagslegum samskiptum. Upplýsingar eru mikilvægur athafnagrunnur. Upplýsingar kosta sitt og tímafrekt getur verið að afla þeirra. Það er hægt að nýta sér félagsleg samskipti sem viðhaldið er í öðrum tilgangi en þeim að afla upplýsinga. Eins og t.d. að

spyrja vinkonur um nýjustu tísku af því spyrjandinn veit að viðmælandinn fylgjast vel með tískunni. Þeir sem vilja fylgjast með mikilvægri þróun eða nýjungum á tilteknum sviðum án þess að fylgjast með öllu sem er að gerast í smáatriðum, geta spurt maka eða vin sem fylgist með fréttum í stað þess að lesa þær allar sjálfur. Félagsvísindamaður sem vill vita um helstu rannsóknir á kjörsviði sínu getur spurt samstarfsfélaga sína. Allt eru þetta dæmi af félagslegum samskiptum sem teljast ein mynd félagsauðs, er veitir upplýsingar sem auðvelda athafnir. Samskiptin í þessu tilfelli teljast ekki sem greiði sem þarf að endurgjalda og samskiptin eru án skuldbindinga eða kvaða (Coleman, 1988).

Starfsmenn í félagsmiðstöðvum teljast til „mikilvægara annara“ í lífi unglunga og geta veitt unglungum miklar upplýsingar sem er ein mynd af félagsauð. „Mikilvægir aðrir“ eru fullorðnir í lífi unglunga fyrir utan fjölskyldu. Þeir búa oft yfir jákvæðum eiginleikum og þjóna mikilvægu hlutverki í lífi unglunga. Þeir veita ráð, eru fyrirmyndir, koma fram við unglungana á jafnréttisgrundvelli, eru skemmtilegir, eru ekki dómharðir og refsa ekki. Samband unglunga við „mikilvæga aðra“ er öðruvísi en samband þeirra við foreldra eða jafnaldra. Þeir veita unglungum oft stuðning og gott umhverfi til að þroskast (Beam, Chen og Greenberger, 2002). „Mikilvægir aðrir“ hafi hlutverki að gegna í þroska unglunga og veita þeim einstakan aðgang að félagsauði í samanburði við jafnaldra. „Mikilvægir aðrir“ með meiri menntun hafa jákvæð áhrif á einkunnir, væntingar til náms, ósæmilega hegðun og þunglyndiseinkenni. Þeir eru einnig líklegri til að hvetja unglunganna til frekari náms. Menntun „mikilvægra annarra“ getur því verið uppspretta áhrifamikils félagsauðs (Chang, Greenberg, Chen, Heckhausen og Farruggia, 2010).

Þegar áhrifamikil gildi eru til staðar mynda þau öfluga en stundum brotthætta mynd af félagsauði. Árángursrík gildi geta aftrað glæpum, gert fólki m.a. kleift að ganga frjálstlega um á kvöldin í borgum. Gildi í samfélögum, sem styðja og veita áhrifamikla umbun fyrir góðan árangur í skóla, auðvelda hlutverk skólanna mikið. Hefðbundinn gildi innan samfélags-heilda, sem teljast sérstaklega mikilvæg mynd af félagsauð, eru gildin sem einstaklingur ætti að fórna eigin hagsmunum fyrir og haga sér eftir því hvað hagnast samfélagheildinni. Gildi af þessari gerð eru styrkt af félagslegum stuðningi, stöðu, virðingu og annarri umbun. Þetta er félagsauðurinn sem styrkir fjölskyldur og fær fólk almennt til að vinna fyrir hagsmuni almennings. Í sumum tilfellum koma gildin innan frá en í öðrum eru þau mikið studd utanaðkomandi umbunum fyrir óeigingjarnar

athafnir og höfnun fyrir sjálfsselskar athafnir. Sama er hvort stuðningurinn kemur að innan eða utan, gildi að þessari gerð eru mikilvæg til að yfirvinna vandamál tengd almannahagsmunum í samfélagsheildinni. Árángursrík gildi geta myndað árángursríka mynd af félagsauð. Þessi félagsauður leiðir ekki einungis til ákveðinnar hegðunar. heldur dregur hann líka úr ákveðinni hegðun (Coleman, 1988). Íslensk rannsókn á félagsauði sýndi að grenndarsamfélög með mikinn félagsauð gera sér betur grein fyrir sameiginlegum gildum og styðja viðurkennd samfélagsmarkmið. Félagsauðurinn sem myndast með samskiptum kynslóða verður auðlind sem skapar jafnvægi milli skammtíma markmiðs unglunga fyrir spennu og skemmtun og lang tíma markmiða eins og félagslega velgengni og lífshamingju (Þórólfur Þórlindsson, Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2007).

Mikilvægur hluti félagsauðs eru áhrifin sem hann hefur á sköpun mannaúðs í komandi kynslóð. Bæði félagsauður í fjölskyldum og félagsauður í samfélaginu gegna hlutverki í sköpun mannaúðs hjá kynslóðunum sem eru að vaxa úr grasi. Félagsauður innan fjölskyldunnar er mjög mikilvægur og þar skipta samskipti við foreldra miklu máli. Félagsauður utan fjölskyldunnar er einnig mikilvægur. Rannsókn sýndi að unglingar í trúarlegum skólum í Bandaríkjunum voru mun ólíklegri til að hætta í námi en þeir sem voru í almennum skólum. Ástæða þess eru ekki trúarbrögðin heldur félagsauðurinn í skólaumhverfinu, samskipti foreldra og náíð samfélag. Þannig hefur félagsauðurinn jákvæð áhrif á menntun (Coleman, 1988).

Íslensk rannsókn á félagsauð sýndi að þátttaka í skipulögðu tómtundastarfi gagnast öllum nemendum í nærumhverfinu ekki einungis þeim einstaklingum sem taka þátt í því. Einstaklingar sem taka þátt í skipulögðu tómtundastarfi fá hærra einkunnir í stærðfræði og drekka minna áfengi og þannig beinir tómtundastarfið athöfnum unglunga samfélagsins nær markmiðum foreldranna. Samskipti á milli kynslóða hafa meiri áhrif á áfengisneyslu en einkunnir í stærðfræði. Íþróttir hafa einungis einstaklingsbundin áhrif á stærðfræðieinkunnir en þær hafa áhrif á allan skólann þegar kemur að áfengisneyslu. Unglingar sem æfa íþróttir drekka minna og minni drykkja er meðal unglunga í skólum þar sem íþróttarátttaka er mikil. Áhrif íþróttarátttöku á áfengisneyslu takmarkast ekki við þá sem taka þátt í íþróttum (Þórólfur Þórlindsson, Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2007).

Önnur íslensk rannsókn sýndi að mikill félagsauður dregur úr reykingum unglinga. Unglingar sem búa í hverfum með hátt hlutfall einstæðra foreldra og hátt hlutfall búferlaflutninga eru líklegri til að reykja daglega samanborið við unglinga í öðrum hverfum, sama hvernig þeirra eigin aðstæður eru. Unglingar sem búa í hverfum þar sem margir í aldurshópnum æfa íþróttir eru ólíklegri til að reykja, þrátt fyrir að þeir taki ekki sjálfir þátt í íþróttum (Þórólfur Þórlindsson, Margrét Valdimarsdóttir og Stefán Hrafn Jónsson, 2012). Félagssauður verður til í tiltölulega litlum hópum sem eru tengd grenndarsamfélögum. Samspil gilda og félagsneta við myndun félagsauðs getur tekið á sig mörg ólík form. Félagssnet geta virkjað gildi og þarf að leiðandi skapað félagsauð (Þórólfur Þórlindsson, Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2007).

Félagssauður er mikilvæg auðlind fyrir einstaklinga og getur haft mikil áhrif á getu þeirra til athafna og skynjunar á lífsgæðum. En vegna þess að ávinningur af athöfnum sem gera félagsauð að veruleika eru að stórum hluta upplifuna annara en gerendanna, eru það tíðum ekki hagsmunir hans sem gera félagsauðinn að veruleika. Niðurstaðan verður því oft sú að flestar birtingarmyndir verða til eða hverfa sem aukaafurð annarra athafna. Félagssauður verður til og hverfur án þess að einhver taki eftir því (Coleman, 1988). Félagssauður felst í ávöxtum félagsaðildar í samtökum. Félagssleg vitneskja og sambönd gera fólki kleift að ná markmiðum sínum og auka áhrif sín. Það er ein aðal ástæða þess að fólk gengur til liðs við félagsamtök. Tími og orka sem er veitt í slík samtök getur skilað drjúgum af sér. Félagssauður felur í sér gagnleg félagsnet, skilning á sameiginlegri skuldbindingu og orðheldni, skilning á gildum sem stjórna áhrifamikilli hegðun og öðrum félagslegum auðlindum sem gera fólki kleift að haga sér á áhrifaríkan hátt. Til dæmis eru háskólanemar oft virkir í stúdentasamtökum eða fréttablöðum að hluta til vegna þess að þeir vonast til að læra félagsþæfni og stofna sambönd sem munu borga sig þegar þeir útskrifast. Þeim gefst m.a. kostur á að eiga í samskiptum við fyrirlesara og stjórnendur sem síðar munu styðja þá þegar þeir hefja atvinnuleit eða sækja um framhaldsnám. Fólki sem tilheyrir samtökum er líklegra að þykja það tengt öðrum, vera skuldbundið og fært um að leggja sitt af mörkum. Í víðara samhengi gefur félagsauður fólki þá tilfinningu að það sé hluti af breiðara samfélagi, sem felur í sér ólíka einstaklinga. Lýðræði blómstrar þegar félagsauður er mikill en þó lítur út fyrir að úr honum sé að draga. Þátttakendum í ýmis konar samtökum hefur fækkað á undan förnunum árum í Bandaríkjunum en einnig hefur dregið úr samkiptum fólks við nágretta

sína og þeirri skoðun að flestu fólki sé treystandi (Giddens, 2009). Það eru mikilvægar vísbendingar þess að félagsauður þjóni almannahagsmunum og skipti máli í þrosk barna og ungmenna, en segja má að með hverri nýrri kynslóð fari þessi auðlind þverrandi. Mikilvægt er að reyna finna leiðir til að yfirstíga vandamál lítils framboðs á starfi tengdu almanna-hagsmunum. Það þarf að nota félagsauð í þágu barna og ungmenna og veita þeim aðgang að félagssamtökum og öðru starfi sem hefur í fortíðinni verið aðaluppspretta þess félagsauðs sem er æskunni aðgengilegur (Coleman, 1988).

3 Saga tómstundastarfs

Tómstundir vorra daga eru stundum kallaðar barn iðnbyltingarinnar!. Á síðari hluta átjándu aldar urðu miklar breytingar á efnahagslífi í Bretlandi; samfélagið breyttist úr því að vera bændasamfélag og yfir í iðnaðarsamfélag. Tómstundir breyttust samhliða þessu og fóru að skipta meira máli í lífi fólks. Á tímum landbúnaðar voru tómstundir mjög bundnar vinnu og árstíðum. Ein aðal tómstundaiðja fólks sem skapaði hvíld og tilbreytingu frá daglegum störfum var þegar fólk hittist á krám eða mörkuðum og skemmti sér saman. Á fyrstu áratugum 19. aldar voru margar gerðir afþreyingar einfaldlega bældar niður eða jafnvel þurkaðar út af vaxandi og áhrifamikilli millistétt þjóðfélagsins, en með því að þurrka út ákveðnar gerðir afþreyingar þurfti að bjóða upp á aðrar í þeirra stað. Reynt var að lokka fólk frá krám og mörkuðum með skynsamlegri afþreyingu. Í stað einfaldrar afþreyingar og dægurstyttingar voru gildi eins og þekking, sjálfshjálp, heilsa og heilbrigði innleidd í tómstundir fólks. Þegar líða tók á 19. öld styttist vinnuvikann og tíminn til tómstundaiðkunnar jókst (Bull, Hoose og Weed, 2003).

Hverfamiðstöðvar voru stofnaðar í Bretlandi um 1880 sem mótvægi við þær miklu samfélagsbreytingar sem höfu átt sér stað. Fátækt var mikil í lægri stéttum samfélagsins og búið að setja lög um vinnu barna. Það leiddi til þess að fjöldi barna og ungmenna voru ráfandi um göturnar og þörf var á úrræðum. Fyrsta hverfismiðstöðin í London var Toynbee Hall og slíkar miðstöðvar breiddust hratt út á næstu árum. Starfsfólk vann allt sjálfboðavinnu og starfsemin spannaði m.a. sunnudagsskóla, klúbbastarfi, kvöldskóla og ýmis konar ráðgjöf. Hverfamiðstöðvar þjónuðu fólki á öllum aldri, en málefni æskunnar voru sérstaklega tekin fyrir á heimsráðstefnu Samtaka hverfamiðstöðva árið 1922. Fyrsta félagsmiðstöðin hóf síðan starfsemi sína í Gautaborg árið 1936 og félagsmiðstöðvar breiddust út í kjölfar þess (Árni Guðmundsson, 2007).

3.1 Upphaf tómstundastarfs á Íslandi

Á Íslandi urðu einnig miklar þjóðfélagsbreytingar á tuttugustu öldinni. Fólksfjölgun var gífurleg, Reykjavík stækkaði ört og íslenskt samfélag breyttist úr landbúnaðarsamfélagi í borgarsamfélag á afar skömmum tíma. Í upphafi 20. aldar gegndu félagshreyfingar miklurvægu hlutverki en áhrif þeirra fóru minnkandi um miðja öld og þá var þörf á nýjum úrræðum. Kreppan um 1930 átti líklega þátt í því að hugmyndir um æskulýðshöll

komu til umræðu. Atvinnuleysi var mikið og unglingar voru því ekki jafn virkir í atvinnulífinu og áður. Mikið var rætt um aðgerðaleyfi unglunga, hangs við sjóppur og óheilbriggt lífveri slíku tengt. Koma hersins til landsins í sinni heimstyrjöldinni leiddi til aukins skemmtanahalds og fólk fór að hafa meiri áhyggjur af velferð æskunnar (Árni Guðmundsson, 2007).

Ungmennafélag Reykjavíkur var endurstofnað árið 1942 og óskaði eftir lóð undir æskulýðsheimili fyrir unglunga í borginni. Hugmyndin um æskulýðshöll fékk góðar undirtektir og skipuð var nefnd um byggingu hennar. Bandalag æskulýðsfélaga í Reykjavík (BÆR) var stofnað árið 1948 í þeim tilgangi að hrinda byggingu æskulýðshallarinnar í framkvæmd. Eftir langar umræður varð þó ekkert af opnun æskulýðshallarinnar, en lagt var til að opnuð yrðu nokkur smærri tómsundaheimili í stað æskulýðshallar. Æskulýðsráð Reykjavíkur (ÆR) var stofnað árið 1955 og tveimur árum síðar var opnað tómsundaheimili að Lindargötu 50 í Reykjavík. Á næstu árum eftir hófst einnig tómsundastarfsemi við Bræðraborgastíg, í Tjarnarbæ og í skátaheimilinu við Snorrabraut. Tómsundaheimilið við Lindargötu var lítið og þörf var á betri aðstöðu fyrir starfsemi og árið 1963 fékk ÆR Fríkirkjuveg 11 til umræða. Árið 1968 hófst starfsemi í Tónabæ, þar var opið hús, dansleikir og önnur skemmtun fyrir unglunga fjórum sinnum í viku en húsnæðið var einnig nýtt undir aðra starfsemi (Árni Guðmundsson, 2007).

Á seinni hluta sjöunda áratugarins og í upphaf þess áttunda gerði ÆR tilraunir með rekstur félagsmiðstöðva í úthverfum. Starfsemi fór fram í anddyri Árbæjarskóla og í Fákshemilinu fyrir unglunga í Breiðholtskóla. Starfsemin í Fákshemilinu gekk vel. Hún var síðar flutt í Breiðholtsskóla en lagðist af með tilkomu Fellahellis árið 1974. Starfsemin í Árbæjarskóla gekk ekki jafn vel vegna aðstöðueysis og lagðist af um tíma. Starfsemi ÆR var frá upphafi mjög víðtæk og viðfangsefnin fjölbreytt. Smíðar, ljósmyndun og fönður eru dæmi um tómsundaiðju á fyrstu árinum. Haldnir voru tónleikar og starfræktir klúbbar tengdir áhugasviðum. Alls tóku um 2300 ungmenni tóku þátt í 89 klúbbum árið 1959. ÆR bauð einnig upp á sjóvinnu- og búvinnunámskeið á þessum árum sem nutu mikilla vinsælda. Í Tómsundaheimilinu á Lindargötu voru starfræktir klúbbar, kvikmyndasýningar einu sinni í viku, tómsundaiðja flesta daga og opið hús tvisvar í viku. Árið 1965 var í fyrsta sinn opið hús í kjallaranum á Fríkirkjuvegi þar sem unglingar gátu spjallað, spilað, hlustað á tónlist, spilað borðtennis

og fleira. Áfengisneysla var bönnuð, reykingar voru hins vegar leyfðar í fyrstu í einu herbergi hússins en síðar bannaðar. Þessi opnu hús urðu gríðarlega vinsæl og mörkuðu að nokkru leyti starfsemi félagsmiðstöðva nú til dags. Reykjavík stækkaði ört og þörf var fyrir fleiri félagsmiðstöðvar. Haustið 1974 hóf Fellahellir starfsemi sína í Beiðholti en hverfið hafði byggst hratt upp og var einangrað félagslega. Mikið var um láglaunafólk og einstæða foreldra. Framfarafélag Breiðholts vann að því að bæta hverfið en félagsauður hverfisins var ekki mikill á þessum árum. Fellahellir byggði stóran hluta dagskrá sinnar á starfsemi félaga og ÆR var þar aðeins með starfsemi þrisvar í viku í stuttan tíma í senn. Starfsemin var því lítil fyrir hina ófélagsbundnu æsku en þörfin fyrir opið starf og athvarf fyrir fjölmarga unglunga Breiðholtsins var mikil (Árni Guðmundsson, 2007).

Almennt félagsmiðstöðvastarf hafði mun meiri þýðingu fyrir unglunga en aðstaða einstakra félaga og því breyttust áherslur Fellahellis eftir árið 1976. Farið var að lengja opnunartíma og klúbbastarfsemi var aukinn. Árið 1976 var félagsmiðstöðin Bústaðir opnuð í kjallara Bústaðakirkju og sama ár var unglingskemmtistaðnum í Tónabæ lokað vegna mikillar ölvunar og láta fyrir utan húsið. Vandamálið var þó ekki leyst, því hópamyndun unglunga færðist einfaldlega niður í miðbæ borgarinnar á svokallað Hallærisplan. Klúbbastarfið í Fellahelli varð kjarninn í starfinu og samskipti unglunganna við starfsmenn voru mikilvæg. Áherslur klúbbastarfsins voru að þjálfa unglunganna í lífsleikni en í Bústöðum var beindist starfið fremur að áhugasviðum. Einnig var klúbbastarf nýtt undir fræðslu og forvarnir sem lítið var um í skólum á þessum tíma. Klúbbastarfið hjálpaði mörgum unglungum sem töldust til áhættuhópa. Árið 1986 voru ÆR og Íþróttaráð lögð niður og sameinuð í Íþrótt- og tómsfundasvið Reykjavíkur (ÍTR). Félagsmiðstöðvum tók að fjölga talsvert á níunda áratugnum. Félagsmiðstöðvarnar Þróttheimar, Ársel, Tónabær, Frostaskjól, Fjörgyn og unglingskemmtistaðurinn Glymur hófu starfsemi sína. Áherlsa á innra starf jóks á níunda áratugnum og hugmyndafræði klúbbastarfsins í Fellahelli var höfð að leiðarljósi. Unglingalýðræði var innleitt í starf félagsmiðstöðva árið 1985 með starfsemi unglingsráða (Árni Guðmundsson, 2007).

Félagsmiðstöðvum hefur fjölgað mjög og nú eru starfandi um 110 félagsmiðstöðvar á Íslandi. Flestar félagsmiðstöðvar eru í Reykjavík eða 24 talsins. Í Kópavogi eru níu félagsmiðstöðvar, í Hafnarfirði eru átta og á Akureyri eru sjö. Annars staðar á landinu

eru samtals um 60 félagsmiðstöðvar. Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi (SAMFÉS) voru stofnuð árið 1985. Þá voru aðilar að samtökunum 11 en eru nú um 115. Samfés stendur að stórum árlegum viðburðum fyrir unglunga alls staðar af landinu eins og rappkeppninni Rímnaflæð, fatahönnunarkeppninni Stíl og Samfeshátíðinni sem inniheldur söngkeppni og ball. Einnig er Samfés með starfsdaga, landsmót, landsþing og aðalfund þar sem ungmenni og starfsfólk félagsmiðstöðva af öllu landinu koma saman til vinna að stefnumótun, kjósa í stjórn, ræða starfið, fá fræðslu og skemmta sér saman (Samfés, e.d.).

3.2 Tómstundastarf í Reykjavík

Starfsemi Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur (ÍTR) var nýlega færð undir skóla- og frístundasvið en þrátt fyrir það verður hér talað um ÍTR þar sem allt útgefið efni um félagsmiðstöðvastarf er gefið út af ÍTR. Í *starfsáætlun Reykjavíkurborgar* fyrir árið 2011 kemur fram að hlutverk Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur sé að stuðla að heilbrigði og vellíðan almennings með því að skapa tækifæri til líkamsræktar, íþróttaiðkunar og afþreyingar fyrir alla; ennfremur að bjóða upp á skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf fyrir börn, unglunga og ungmenni, þar sem gildi forvarna, uppeldis, óformlegs náms og virkrar þátttöku eru höfð að leiðarljósi. Stuðla ber að því að því að engum sé mismunað í frístundasarfi á grundvelli trúar, þjóðernis, uppruna, fötlunar eða kyns. Starfsfóki sem vinnur að slíku frístundastarfi skal búa gott umhverfi svo það megi dafna í starfi, sem og efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustu (Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur, e.d.).

3.3 Starfsemi félagsmiðstöðva í Reykjavík

Í *starfskrá skrifstofu tómstundamála – ÍTR* (2007) kemur fram að félagsmiðstöðvastarf sé mjög mikilvægt í nútímaþjóðfélagi. Frítíminn er vettvangur uppeldisstarfs þar sem er lögð áhersla á að auka þroska og færni með reynslunámi og margvíslegum viðfangsefnum. Frítíminn hefur afþreyingar-, menntunar-, og forvarnargildur fyrir ungmenni.

Afþreying er ungmennum mjög nauðsynleg og mikilvægt er að skapa þeim aðstöðu til að skemmta sér, hlæja og verja tíma með jafnöldrum. Þau hafa þörf fyrir að tilheyra hópi og eiga í samskiptum bæði við jafningja og „mikilvæga aðra” (e. significant

others). Mikilvægt er að ungmenni séu í samskiptum við aðra fullorðna en foreldra sína sem þau geta litið upp til og myndað tengsl við.

Menntunargildi frítímans byggist á reynslunámi og óformlegri menntun þar sem ungmenni öðlast reynslu og þekkingu til frambúðar. Verkefni eru skapandi og fjölbreytt þar sem áhersla er lögð á frumkvæði, virkni og sköpun.

Forvarnargildi frítímans felst í þátttöku ungmenna í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi.

Með því að bjóða upp á jákvæð viðfangsefni í frítímanum með góðum fyrirmyndum aukast líkur á að ungmenni forðist áhættuhegðun og kjósi heilbrigðan lífsstíl (Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur, 2007). Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru opnar öllum unglingum borgarinnar í 8.-10. bekk. Starfsemi þeirra fjölbreytt og felur í sér opið starf, hópastarf, sértækt hópastarf, unglíngalýðræði, fræðslu, viðburði, ferðir og önnur verkefni.

3.3.1 Opið starf

Opið starf stendur öllum unglingum til boða. Það er einn stærsti hlutinn af starfi félagsmiðstöðva. Þá er hægt að mæta og spjalla við aðra unglinga og starfsfólk, spila billjard, borðtennis, bandí, pílukast, tölvuleiki, horfa á sjónvarp og margt fleira. Opið starf er tilvalið til að mynda tengsl við aðra unglinga og starfsfólk. Aðal markmiðið með opnu starfi er að veita unglingum öruggt umhverfi til að hittast og nýta frítíma sinn að eigin vali undir handleiðslu starfsfólks (Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur, 2007).

3.3.2 Hópastarf

Hópastarf gefur unglingum tækifæri á að starfa í minni hópum með starfsmönnum og er góður vettvangur til að mynda persónuleg tengsl og þjálfa samskiptahæfni. Í hópastarfi fer oft fram bæði formleg og óformleg fræðsla en reynt er að tengja hana áhugasviði unglinganna. Unglingarnir hafa mikið að segja um starfsemi hópsins og móta oft dagskránnu í samvinnu við starfsmenn, setja jafnvel markmið og reglur sjálfir (Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur, 2007). Hópastarf er einnig góður vettvangur fyrir hópefli, sem felur í sér að þjappa saman hóp einstaklinga þannig að hver og einn upplifi sjálfan sig sem hluta af hópnum. Þéttur hópur vinnur betur saman, samskipti verða auðveldari og vandamál færri (Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2008).

Með sértæku hópastarfi er átt við það þegar sérstaklega eru valdir í hópinn þeir einstaklingar sem hafa þörf á að efla félagsfærni sína eða draga úr áhættu hegðun. Ákveðið er fyrirfram með hvaða þætti á að vinna og foreldrasamstarf er meira en í öðru hópastarfi. Oft er verið að bjóða upp á úrræði sem ekki er boðið upp á annars staðar. Markmið starfsins geta verið margvísleg eins og að vinna að því að styrkja sjálfsmynd, efla félags- og samskiptahæfni, stuðla að heilbrigðum lífsháttum eða draga úr óæskilegri hegðun. Yfir sumartímenn starfa félagsmiðstöðvahópar í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur þar sem blandað er saman sértæku starfi og hefðbundinni unglingaskólavinnu. Unnið er með unglinga sem þurfa á stuðningi að halda vegna áhættu hegðunar og þá sem eru félagslega óvirkir. Lögð er áhersla á aukið sjálfstæði, virkni og ábyrgð unglinganna í leik og starfi (Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur, 2007).

3.3.3 Unglingalýðræði

Unglingalýðræði snýst um unglingar hafi eitthvað um líf sitt og umhverfi að segja. Unglingalýðræði í félagmiðstöðvum tryggir áhrif unglinganna á starfið og er sú hugmynda-fræði sem félagmiðstöðvarstarf byggir á. Hluti unglingalýðræðis felst í því að kosið er í unglingaráð. Unglingaráðið á að virkja sem flesta samnemendur til þátttöku í starfinu og skipuleggja og framfylgja dagskrá félagsmiðstöðvarinnar. Unglingar í ráðinu eru fyrirmyndir og bera ákveðna ábyrgð. Ráðið starfar í samræmi við reglur félagsmiðstöðvarinnar og er málsvari unglinganna. Með þátttöku í unglingaráði læra unglingarnir að taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman og temja sér víðsýni og gagnrýna hugsun (Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur, 2007).

Ungmennaráð eru einnig starfandi í öllum hverfum Reykjavíkur. Í ráðinu eru ungmenni á aldrinum 13-18 ára sem tilnefnd eru á lýðræðislegan hátt. Tveir fulltrúar úr hverju ungmennaráði mynda svo Reykjavíkurráð sem kemur sínum málefnum á framfæri hjá borgarráði. Með þátttöku í ungmennaráðum geta unglingar haft áhrif á málefni líðandi stundar og komið skoðunum sínum á framfæri. Ungmennaráð gefa ungmennum sem ekki hafa kosningarétt möguleika á að koma málefnum sem eru ungmennum mikilæg á framfæri (Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur, 2007).

3.3.4 Viðburðir og ferðir

Viðburðir sem félagsmiðstöðvar standa fyrir eru af ýmsum toga. Margir viðburðir eru skipulagðir og framkvæmdir af unglingunum í samstarfi við starfsfólk og má þar til dæmis nefna böll, keppnir og sýningar. Viðburðir geta líka verið sameiginlegir með öðrum félagsmiðstöðvum í hverfinu og jafnvel utan hverfisins. Sameiginlegir viðburðir gefa unglingunum tækifæri á að víkka sjóndeildarhringinn, kynnast öðrum unglingum og prófa nýja hluti sem eykur félagsfærni þeirra (Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur, 2007).

Ferðir á borð við skíðaferðir, óvissuferðir, árgangaferðir, klúbbaferði og unglingaráðsferðir eru hluti af starfi félagsmiðstöðva. Í slíkum ferðum gefst tækifæri til að stunda frístundastarf fyrir utan félagsmiðstöðina og útivist eru oft mikilvægur þáttur. Í ferðum myndast oft persónuleg tengsl milli unglunga og starfsfólks því þá er samverustundirnar lengri en vanalega í félagsmiðstöðinni. Í ferðum kynnast unglingarnir oft nýjum og spennandi hlutum og það skapast samkennd innan hópsins. Nálægðin er mikil í ferðum og því veita þær gott tækifæri til að vinna með samskipti, trúnað og traust (Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur, 2007).

3.3.5 Forvarnarstarf

Í félagsmiðstöðvum fer bæði fram formleg og óformleg fræðsla. Þar má nefna kynfræðslu, eineltisfræðslu, fordómafræðslu og sjálfstyrkingu. Óformlega fræðslan er mun fyrirferðmeiri í starfinu og getur farið fram á margan hátt. Markmiðið er að skapa aðstæður til umræðna og skoðanaskipta. Almenn starfsemi félagsmiðstöðva felur í sér forvarnarstarf en einnig eru sértæk forvarnarverkefni mikilvægur þáttur. Hverfarölt, þverfaglegt teymi og ýmis átaksverkefni tengd forvörnum gegna þar mikilvægu hlutverki (Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur, 2007).

3.3.6 Starf fyrir 10-12 ára börn

Félagsmiðstöðvar Reykjavíkur bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf fyrir börn í 5.-7. bekk að loknum skóladegi og yfir sumartímam. Starfið felst í opnu starfi, hópstarfi og námskeiðum. Tilgangur starfsins er að kynna börnin fyrir félagsmiðstöðinni og starfsemi hennar og bjóða upp á jákvæðan valkost í frítímanum undir handleiðslu starfsmanna. Þannig gefst þeim tækifæri á að eyða tíma með jafnöldrum sínum í

skemmtilegu og uppbyggilegu starfi í hverfinu sínu (Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur, 2007).

3.3.7 Starfsfólk

Í félagsmiðstöðvum Reykjavíkur starfa um 100 manns. Í starfsmannahandbók félagsmiðstöðva ÍTR kemur fram að frístundaráðgjafar sem starfa í félagsmiðstöðvum eiga að búa yfir góðri samskipta- og skipulagshæfni. Þeir þurfa að geta sýnt frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og vera hugmyndaríkir. Hlutverk starfsmanna í félagsmiðstöðvum eru mjög fjölbreytt. Þeir þurfa að sjá til þess að unglिंगum líði vel og efla virkni, sjálfsmýnd, sjálfstæði og ábyrgð unglिंगanna í starfinu. Skipulagning og framkvæmd starfsins er í þeirra höndum en á að fara fram í samráði við unglिंगana. Viðfangsefni þurfa að vera fjölbreytt til að koma til móts við ólíkar þarfir og þroska. Starfsmenn hafa yfirumsjón með hópum, klúbbum og ákveðnum verkefnum og dagskráliðum. Þeir þurfa einnig að sjá um undirbúning og frágang. Frístundaráðgjafar gegna mikilvægu uppeldishlutverki. Í starfi með unglिंगum er mikilvægt að hafa fáar reglur og skýra ramma. Frístundaráðgjafar eru fyrirmyndir og þjóna oft mörgum ólíkum hlutverkum í lífi unglिंगa. Þeir geta verið ráðgjafar, félagar, stuðningsfulltrúar, trúnaðarvinir og fræðarar. Mikilvægt er að starfsmaður sé meðvitaður um hvenær ber að þjóna hvaða hlutverki og vera meðvitaður um takmarkanir sínar í starfi. Sjálfsþekking er mikilvæg þegar kemur að starfi með unglिंगum. Starfsfólk þarf að sinna starfi sínu fordómalaust og bera virðingu fyrir öllum. Mikilvægt er að mynda ákveðin og persónuleg tengsl við unglिंगana í starfinu og setja sig inn í mál þeirra. Starfsmenn eru fyrirmyndir og því er mikilvægt að gera sér grein fyrir að skoðanir, gildi og lífsstíll þeirra hafa bæði bein og óbein áhrif á unglिंगana. Mikilvægt er að fyrirmyndin sé hvetjandi í starfi sínu; veiti hrós, ýti undir gagnrýna hugsun og bregðast ávallt við neikvæðri hegðun (Adda Rúna Valdimarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, e.d.).

3.3.8 Aðsókn í félagsmiðstöðvar í Reykjavík

Samkvæmt gögnum frá 1997 fóru tveir af hverjum þremur unglिंगum í níunda og tíunda bekk einhvertíman í félagsmiðstöð (Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2000). Árið 2009 var hlutfall unglिंगa sem stunda félagsmiðstöðvastarf ÍTR þrisvar í mánuði eða oftar 33%. Fleiri strákar en stelpur sóttu félagsmiðstöðvar í Reykjavík árin 2008 og 2009 eða 44% stelpur og 56%

strákar bæði árin og 85% unglunga voru ánægðir með starfsemi félagsmiðstöðva árið 2010 (Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur, e.d.).

Í félagsmiðstöðvunum eru skráðar mætingar barna og unglunga. Árið 2008 voru heimsóknir unglunga í félagsmiðstöðvar Reykjavíkur 99.881 og árið 2009 voru þær 122.445. Það er mikil aukning á milli ára. Heimsóknir tíu til tólf ára barna í félagsmiðstöðvar Reykjavíkur voru 14.789 árið 2008 og 17.544 árið 2009. Samanlagt voru heimsóknir barna og unglunga á aldrinum 10-16 ára í félagsmiðstöðvar 114.670 árið 2008 og 140.000 árið 2009. Haustið 2011 voru heimsóknir barna og unglunga á aldrinum 10-16 ára í félagsmiðstöðvar orðnar 175.142 sem er veruleg aukning á milli ára (Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur, e.d.).

4 Rannsóknaraðferð

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða unglíngamenningu og félagsmiðstöðvastarf út frá sjónarhorni unglínga og reyna að skyggast inn í heim þeirra. Það er því mikilvægt að rödd unglínga fái að heyrast og því voru eigindlegar rannsóknaraðferðir notaðar. Rannsóknin reynir að komast að því hvað skilur unglíngamenningu frá menningu fullorðinna og hvað er unglíngum mikilvægast. Rannsóknin reynir einnig að komast að helstu ástæðum þess að unglíngar sækja félagsmiðstöðvar og hvaða tilgangi þeim finnst þær þjóna.

4.1 Framkvæmd

Eigindleg rannsóknar aðferð var notuð við gerð rannsóknarinnar. Slíkar rannsóknir eru túlkandi og huga frekar að orðum en tölum og notast er við aðleiðslu þar sem kenningar þróast oft út frá rannsókninni. Eigindlegar aðferðir leggja áherslu á að skilja félagslegan veruleika þátttakenda með rannsóknum eða athugunum. Fólk leggur meiningu í umhverfi sitt og gjörðir sínar og því er mikilvægt að rannsaka viðfangsefni út frá sjónarhorni þess. Eigindlegar aðferðir hennta vel til að kynna sjónarhorn minnihlutahópa og jaðarhópa (Bryman, 2004).

Í rannsókninni var notast við tvo rýnihópa þar sem tekin voru hópviðtöl við nokkra einstaklinga um ákveðið umfjöllunarefni. Rýnihópaviðtöl hafa mjög verið notuð í markaðsrannsóknum og eru að færast í aukana í félagsrannsóknum. Í rýnihópaviðtölum gefst rannsakandanum tækifæri til að fylgjast með því hvernig einstaklingar ræða um ákveðið umræðuefni sem hluti af hóp. Það getur vakið áhuga rannsakandans hvernig fólk bregst við skoðunum hvers annars og samskiptunum sem eiga sér stað innan hópsins. Rannsakandinn stjórnar umræðunum án þess að skipta sér of mikið af. Rýnihópar hjálpa rannskandanum að skilja af hverju fólk hefur ákveðna skoðun á umræðuefninu. Í rýnihópaviðtölum getur fólk komið á framfæri málefnum, sem tengjast umræðuefninu og það telur vera mikilvægt (Bryman, 2004).

Búnar voru til opnar spurningar um félagsmiðstöðvastarf, unglíngamenningu, kynslóðabil og sjálfsmynd. Báðir rýnihóparnir voru spurðir sömu spurninganna, en mismunandi umræður mynduðust oft út frá þeim. Hópviðtölin fóru fram í félagsmiðstöð sem er umhverfi sem þátttakendur þekkja vel og líður vel í. Viðtölin fóru fram utan

opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar svo engin truflun væri. Bæði hópvitölin tóku um 40-50 mínútur hvor.

Eftir að hafa unnið úr rýnihópaviðtölunum vöknudu nýjar spurningar og ákvað ég þá að gera aðra litla rannsókn þar sem ég sýndi unglíngum myndir af þekktum einstaklingum og skráði hvort þeir þekktu þá eða ekki - og hvort þeir vissu við hvað einstaklingurinn starfaði. Myndirnar voru af stjórn mála-, og íþróttamönnum, leikurum og söngvurum.

4.2 Þátttakendur

Þátttakendur voru 12 unglíngar á aldrinum 13 til 16 ára og koma úr tveimur grunnskólum í Reykjavík. Þátttakendur búa allir í sama hverfi og stunda sömu félagsmiðstöðina, sem þjónar unglíngum úr tveimur skólum. Sem starfsmaður í félagsmiðstöð þekkti ég alla þátttakendur og valdi nokkuð breiðan hóp unglínga. Þátttakendur í rannsókninni eru ólíkir einstaklingar sem tilheyra mismunandi hópum en eiga það sameiginlegt að sækja félagsmiðstöðina reglulega. Þeir hlusta á ólíka tónlist, hafa ólík áhugamál og fatavalið ólíkt. Allir þátttakendur eru allir virkir í starfi félagsmiðstöðvarinnar og mæta þar oft í mánuði. Nokkrir þátttakendur hafa átt sæti í unglíngaráðum félagsmiðstöðvarinnar og tekið þátt í klúbbastarfi hennar en aðrir einungis stundað opið starf. Þátttakendur stunda einnig margir annað skipulagt tómsundastarfs eins og íþróttir og tónlistarnám.

Rætt var við tvo rýnihópa í sitthvoru lagi, sex stelpur og sex stráka. Ég kynnti fyrir þeim verkefnið; tjáði þeim að umræðurnar yrðu teknar upp og skráðar en síðan eytt. Einnig lét ég þá vita að engar persónu-upplýsingar kæmu fram og þeim væri frjálst að hætta við þátttöku hvenær sem væri.

Í seinni rannsókninni var notast við tilviljarúrtak þar sem þátttakendur voru valdir af handahófi í félagsmiðstöð. Þátttakendur voru 10 stelpur og 10 strákar á aldrinum 13 til 16 ára.

4.3 Skráning og úrvinnsla

Ég skráði niðurstöður hópviðtalanna niður og bar þær saman. Því næst flokkaði ég svörin eftir þeim og notaði þau þemu sem oftast komu upp ásamt þeim sem mér þóttu sérstaklega áhugaverð.

Í seinni rannsókninni (myndum af fólki) skráði ég niður hversu margir þekktu fólkið á hverri mynd fyrir sig og hversu margir þekktu það ekki. Ef unglíngarnir þekktu fólkið skráði ég niður hvort þeir þekktu nafn og starf þess sem um var spurt. Þegar farið var yfir niðurstöður flokkaði ég myndirnar í þrjá flokka: stjórn mála-, og íþróttafólk, leikara og söngvara.

5 Niðurstöður

Þegar farið var yfir niðurstöður rannsókna kom margt áhugavert í ljós. Hér verður helstu niðurstöðum skipt í þrjá kafla: sýn þátttakenda á unglíngamenníngu, sýn þeirra á félagsmiðstöðvastarfi og loks sýn þeirra á fyrírmýndum og sjálfsmýnd.

5.1 Sýn þátttakenda á unglíngamenníngu

Það kom skýrt í ljós í rýnihópavitölunum að unglíngar eru sérhópur í samfélaginu og búa í sínum heimi sem er á marga vegu ólíkur heimi fullorðinna. Þeir búa við eigin menníngu þar sem þeir klæða sig öðru vísi, hlusta á aðra tónlist og gera aðra hluti en fullorðnir. Unglíngarnir sækjast mjög eftir afþreýngu og fylgjast lítið með fréttum. Þeir eyða miklum tíma í tölvunni, hlusta á tónlist, horfa á sjónvarp og fleira í þeim dúr. Ef unglíngarnir horfa á eða lesa fréttir eru það einna helst fréttir um frægt fólk, slúður eða íþróttafréttir. Engin af þátttakendum fylgdist með stjórnmálum og fáir þekktu ráðherra eða borgarfulltrúa á mýndum. Afur á móti þekkti mikill meirihluti þátttakenda leikara og söngvara á mýndum og rúmur helmingur þekkti íþróttafólk á mýndum.

Fjölbreyttur hópur unglínga tók þátt í rannsókninni og sögðust þeir hlusta á mjög mismunandi tónlist. Strákarnir sögðust hlusta á popp, rokk, hipp hopp, rapp, RnB, teknó, dubstep og fleira. Stelpurnar sögðu að það færi eftir skapi og aðstæðum hvað þær hlusti á hverju sinni en það var einnig mjög fjölbreytt. Þátttakendum fannst þeir eiga fátt sameiginlegt með foreldrum sínum á sviði tónlistar og flestir sögðust ekki hlusta á sömu tónlist og foreldrar sínir.

KVK: „fullorðnir hlusta á Björgvin Halldórsson og Ragga Bjarna en ekki við”.

Sumir sögðust þó geta hlustað á eitthvað af sömu tónlist og foreldrar sínir en væri þá aðalega því að foreldrar þeirra eru að hlusta á nýlega tónlist, ekki því þeir eru að hlusta á gamla tónlist.

KVK: „ég og mamma mín hlustum báðar á Adele, Coldplay og Muggison”.

Þátttakendur sögðust mest hlusta á tónlist í ipod og öðrum tónlistarspílurum en þegar þeir hlustu á útvarpið væri það helst Fm957, Flass fm og Xið. Þeir sögðu flest ekki hlusta á sömu útvarpsstöðvar og foreldrar sínir.

Flestir sögðust heldur ekki horfa á sama sjónvarpsefni og foreldrar sínir en þau gætu þó alveg horft á nokkra sömu þætti og bíómýndir. Þeir sögðust aðalega horfa á þætti á

netinu - en foreldrar þeirra horfðu aðalega á þætti í sjónvarpinu. Þátttakendur sögðust aðallega horfa á erlenda sjónvarpsþætti og þá einna helst gamanþætti. Þeir sem horfa á sjónvarpið horfa einna helst á Stöð 2 og Skjá 1, en þátttakendur horfðu allir lítið sem ekkert á RÚV og skildu ekki hvernig fullorðið fólk nennti að horfa á þætti þar.

KK: „Nei ég horfi ekki á það sama og foreldrar mínir, þeir horfa bara á Landann og eitthvað“.

KK: „Nei ég horfi ekki á sama sjónvarpsefni og foreldrar mínir, get allavega ekki horft á Kiljuna - ójbara“.

Þegar rætt var um klæðaburð voru flestir á því að unglingar klæða sig öðruvísi en fullorðnir og börn. Sumir sögðu samt að það væri misjafnt og færi eftir því hvað teldist fullorðið.

KK: „Unglingar klæða sig öðruvísi en þroskaðir fullorðnir en ekki öðruvísi en ungt fólk; margir starfsmenn í félagsmiðstöðinni klæða sig bara eins og við“.

Stelpurnar töluðu um að unglingar klæði sig líka mismunani eftir hópum og flestir hópar unglinga klæði sig ólíkt fullorðnum.

KVK: „Já mér finnst unglingar klæða sig öðruvísi en það fer samt eftir týpum, flestar týpur klæða sig öðruvísi en börn og fullorðnir en ekki allar“.

Unglingarnir voru langflestir þeirrar skoðunar að unglingar tali öðruvísi en fullorðnir, noti oft önnur orð, slangur, slettu meira á ensku og noti mikið af skammstöfunum eins og OMG, LOL og fleira.

KK: „Unglingar tala oft öðruvísi en fullorðnir, ég hef t.d. aldrei heyrt þessa minn segja wassup“.

KVK: „Fullorðnir eru gamaldags í talsmáta, eins og þegar klukkan er 5 mínútur yfir 1 segja þau að klukkan sé að ganga 2, fatta það ekki“.

KVK: „Unglingar nota líka oft slangur, stytta orð og búa til orð sem unglingar skilja en ekki fullorðnir, eins og *nennis* sem þýðir nenni ekki“.

Unglingar eru miklar hópverur. Þeir verja miklum tíma saman og þar af leiðandi minni tíma með fjölskyldu. Þetta kom skýrt í ljós þegar ég spurði þá út í sambönd sín við vini og fjölskyldu. Allir unglingarnir sögðu það vera mjög mikilvægt að eiga vini. Þeir sögðust gera allt með vinum sínum og finnst þeir geta talað um allt við vini sína. Unglingarnir sögðust allir tala meira við vini sína en foreldra, segja vinum sínum meira

en þeir segðu foreldrum sínum og sögðust ekki umgangast fullorðna mikið, mun minna en þegar þeir voru litlir.

KK: „Ég umgenst fullorðna alveg mikið ef starfsfólkið í félagmiðstöðinni telst með sem fullorðnir en ég held samt ekki að þeir teljist með”.

Áhugavert var að heyra að unglíngarnir litu ekki á starfsfólkið sem fullorðið fólk. Þegar ég spurði nánar út í það sögðu þeir að það væri því þeim finnst starfsfólkið vera mun nær sér í aldri og hegðun en foreldrar sínir og aðrir fullorðnir sem þeir umgengust. Í félagsmiðstöðinni eru starfsmenn þó á aldrinum 21-30 ára og ættu því að teljast fullorðnir. Það er samt eflaust rétt hjá unglíngunum að allmargir starfsmenn eiga ýmislegt sameiginlegt með þeim eins og t.d. að klæða sig svipað, hlusta á sömu tónlist, horfa á svipað sjónvarpsefni o.fl.. Unglíngunum finnst þeir oft eiga fátt sameiginlegt með foreldrum sínum og töluðu þá einna helst um tækni og pólitík.

KK: „við eigum tæknina ekki sameiginlega með fullorðnum, þeir eru svo tregir á tölvum og að skrifa sms“.

KK: „Þegar fullorðið fólk talar um pólitík skil ég ekkert og leiði það bara hjá mér”.

Í seinni rannsókninni kom skýrt fram að unglíngar hafa ekki áhuga á pólitík. Örfáir könnuðust við þekktu stjórnámamenn á myndum, flestir þekktu borgarstjóran og forsætis-ráðherrann en fáir þekktu aðra borgarfulltrúa og ráðherra. Aftur á móti þekktu næstum allir þekktu leikara og söngvara og mun fleiri þekktu íþróttafólk en stjórnámamenn.

5.2 Sýn þátttakenda á félagsmiðstöðvastarfi

Eftir að hafa hafa greint umræður þátttakenda um sýn þeirra á félagsmiðstöðvastarfi komu nokkur þemu í ljós. Allir nefnu nokkra þætti sem þeim þóttu afar mikilvægir; skemmtun, félagsskapur, félagsfærni, forvarnargildi og góðir starfsmenn. Þátttakendur töldu að allt félagsmiðstöðvastarf þurfi að spanna þessi þætti. Hér verður næst farið nánar út í hvern þeirra fyrir sig.

5.2.1 Skemmtun og félagsskapur

Viðtölin leiddu skýrt í ljós að aðalástæður þess að unglíngarnir sækja félagsmiðstöðvastarf eru skemmtun og samvera við jafnaldra.

KVK: „Ég kem í félagmiðstöðina út af félagsskapnum, það er miklu skemmtilegra að vera þar en að hanga ein heima”.

Unglingunum finnst mikilvægt að hafa öruggan og þægilegan samastað í hverfinu þar sem þeir geta hitt aðra unglunga og margt er í boði. Fjórir af þátttakendum eru félagar í unglingaráði félagsmiðstöðvarinnar og töluðu þau um að það væri gaman að fá að skipuleggja dagskránnu og stinga upp á viðburðum sem þeir telja að sem flestir hafi gaman af.

KK: „Dagskráin er oft spennandi og þó það sé bara opið hús er alltaf fullt hægt að gera“

Þátttakendum finnst mikilvægt að félagsmiðstöðin bjóði upp á fjölbreytta afþreyingu og eitthvað sé í boði fyrir alla.

KK: „Ég kem í félagmiðstöðina því það er skemmtilegt og þar er hægt að gera hluti sem ég get ekki gert heima hjá mér”.

Allir þátttakendur töluðu um að þeim liði vel í félagmiðstöðinni og tækju kvöldin oft frá til að komast þangað. Þeir töluðu allir um að hafa kynnst fjölda fólks í félagsmiðstöðinni og í starfi hennar. Margir sögðust hafa eignast nýja vini í starfinu og allir töldu félagsmiðstöðina hafa jákvæð áhrif á líf sitt. Öllum fannst þeim mjög mikilvægt að það væri starfrækt félagsmiðstöð í hverfinu.

5.2.2 Félagfærni og forvarnargildi

Þátttakendum fannst öllum starfið þjóna ýmsum tilgangi og töldu það vera mjög mikilvægt. Þeir nefndu fjölmarga kosti starfsins og þau jákvæði áhrif sem það hefur haft á þau. Margir töluðu um að starfið hjálpaði þeim að þjálfa félagfærni sína og þótti starfið hafa forvarnargildi. Áhugavert var að sjá að þátttakendur gerðu sér vel grein fyrir fjölþættum tilgangi starfsins, sem kom mér nokkuð á óvart, þar sem því fer fjarri að allir geri sér grein fyrir því þegar óformlegt nám á sér stað. Þátttakendur töluðu einnig um að í félagsmiðstöðvastarfi öðlast unglingarnir hópvitund.

KK: „félagsmiðstöðin gerir unglingana í hverfinu að meiri heild, þéttir hópinn”
Þeir kynnist unglingum náið í félagsmiðstöðinni og líður vel í hóp sem þeir þekkja og treysta.

Strákarnir töluðu um að félagsmiðstöðvastarf hafi ákveðið forvarnargildi og þegar unglingar eru í félagsmiðstöðinni eru þeir ekki annars staðar að gera eitthvað af sér.

Stelpurnar töluðu allar um að einn aðal tilgangur félagsmiðstöðvarinnar væri að efla félagsfærni unglinga og stækka félagsnet þeirra. Strákarnir töluðu einnig um félagsfærni en þó í minni mæli. Þeir töluðu meðal annars um að í félagmiðstöðinni lærir maður mannleg samskipti því þar þarf einstaklingurinn að eiga í svo miklum samskiptum við aðra. Stelpurnar töluðu margar um sína eigin reynslu og hvernig félagmiðstöðvastarfið hefur gagnast þeim; hversu þær hafa orðið opnari og fengið aukið sjálfstraust í félagsmiðstöðinni.

KVK: “Það er ekki hægt að vera feimin í félagsmiðstöðinni”.

Þær töluðu einnig um að félagsmiðstöðvastarf þjálfaði þær í því að tala við fólk, koma vel fram og hjálpaði þeim að verða betri í mannlegum samskiptum.

KVK: “Í félagsmiðstöðinni kynnistu fólki og verður ekki félagsfælinn”.

Einnig töluðu þær um að starfið sem fer fram á vegum félagsmiðstöðvarinn hafi mikla þýðingu.

KVK: “Þú kynnist mörgu fólki bæði í félagsmiðstöðinni og í öllu því sem félagsmiðstöðin býður upp á, eins og á sameiginlegum viðburðum, böllum, námskeiðum og í ferðum kynnistu fólki úr öðrum hverfum og svona“.

Það er greinilegt að stelpurnar gera sér vel grein fyrir áhrifum félagsmiðstöðvastarfs á félagsfærni sína og finnst starfið hafa gagnast sér á margan hátt.

5.2.3 Starfsfólk

Þegar umræðan barst að starfsfólki voru þátttakendur allir þeirrar skoðunar að starfsfólk félagsmiðstöðva ætti fyrst og fremst að vera skemmtilegt. Strákarnir töluðu um að leiðinlegir starfsmenn væru helsti galli félagsmiðstöðva og jafnframt væru skemmtilegir starfsmenn helsti kosturinn. Þeim fannst starfið velta að miklu leiti á starfsmönnum, þeir geta gert það bæði skemmtilegt og leiðinlegt. Stelpur og strákar tóku fram að starfsmenn þyrftu líka að hafa góð tækni á unglíngunum og vera með góðan hómur. Þegar unglíngarnir voru spurðir hvort þeir treystu starfsfólki sögðu allar stelpurnar hiklaust já - en svör strákanna voru misjöfn. Sumir sögðust treysta þeim, en aðrir sögðust aðeins treysta sumum starfsmönnum- „fer eftir því hver það er.”

Þeim fannst þeir geta talað við suma starfsmenn eins og jafningja en aðrir væru „meira lokaðir”. Þau töluðu einnig um að starfsfólk þarf að ná vel til unglínginga og búa yfir góðum eiginleikum.

KK: „Starfsfólk verður að skilja okkur og maður þarf að geta tekið því sem fyrirmyndum líka“. Þeim finnst mikilvægt að starfsfólk talað við sig sem jafningja en vilja samt líka geta litið upp til starfsfólksins.

5.2.4 Sýn þátttakenda á fyrirmyndum og sjálfsmynd

Unglingar eiga sér margar fyrirmyndir og margir töluðu um að frægt fólk og íþróttafólk væru fyrirmyndir sínar. Fleiri stelpur sögðu að frægt fólk væri fyrirmynd sín og fleiri strákar að íþróttafólk væri fyrirmynd sín. Einnig töluðu þeir um að fólk sem þeir þekkja persónulega væru fyrirmyndir og ákveðnir eiginleikar fólks gerði það að fyrirmynd. Unglingarnir líta flestir upp til fólks sem er að gera það sem það langar að gera.

KK: „allir þeir sem vinna við að gera það sem þeir elska eru fyrirmyndir mínar“.

Unglingarnir töluðu einnig um að þeir líta upp til fólks sem hefur náð að afreka eitthvað.

KK: „allir þeir sem gera eitthvað betur en ég eru fyrirmyndir mínar, því ég vil ná að gera það sama og þeir“.

Áhugavert var að stelpurnar töluðu um að þær ættu jafnvel margar mismunandi fyrirmyndir á ólíkum forsendum

KVK: „Útlitslega eru tískugellur og frægir sem klæða sig flott fyrirmyndir mínar en það er ekki endilega fyrirmyndir mínar þegar kemur að öðru eins og lífsstíl, menntun og vinnu og svona“.

Miklill munur var á kynjunum þegar rætt var um sjálfsmynd. Allir strákarnir nema einn sögðust vera sáttir við útlit sitt en allar stelpurnar voru ósáttar með útlit sitt. Þær töluðu um að það væri alltaf hægt að bæta eitthvað og þær myndu vilja líta betur út. Öllum strákunum fannst þeir búa yfir mörgum kostum en allar stelpurnar nema ein töldu sig ekki hafa marga kosti

KVK: „ég finn alltaf fleiri ókosti en kosti um sjálfan mig“.

Þegar rætt var um hvað skipti unglinga mestu máli sögðu strákarnir að vinir, fjölskylda og svefn væri það sem skipti unglinga mestu máli. Stelpurnar töluðu aftur á móti flestar um að útliti skipti mestu máli.

KVK: „Útlitið er það sem skiptir unglinga mestu máli, það er mikilvægt að líta vel út“.

Þær sögðu einnig að það væri mjög mikilvægt að eiga vini, vera við góða heilsu, vera sáttur með sjálfan sig og ganga vel í því sem maður tekur sér fyrir hendur. Áhugavert er að stelpurnar tala um að mikilvægt sé að vera sáttar með sjálfan sig en þær sögðust allar vera ósáttar með útlit sitt og fannst þær hafa fáa kosti. Tíska og útlistdýrkun samfélagsins hefur greinilega mikil áhrif á þær og þær telja að maður verði að líta vel út til að geta verið sáttur með sjálfan sig.

6 Umræður

Helstu niðurstöður eru þær að unglíngar eru sérhópur í samfélaginu sem er á margan hátt ólíkur öðrum hópum. Unglíngar sækja mjög í afþreyingu og félagsskap annarra unglínga. Unglíngar hafa önnur áhugamál en fullorðnir og finnst þeir eiga fátt sameiginlegt með þeim. Unglíngum finnst mikilvægt að hafa gaman og félagsmiðstöðvar veita þeim tilvalið umhverfi til þess. Unglíngum finnst mikilvægt að félagsmiðstöðvar séu skemmtilegar og þar vinni skemmtilegt starfsfólk. Þrátt fyrir að félagsmiðstöðvar eigi fyrst og fremst að hafa skemmtanagildi gera þeir sé vel grein fyrir að í félagsmiðstöðvum öðlast unglíngar betri sjálfsmynd og félagsfærni og starfið hefur forvarnargildi.

6.1 Unglíngamenning

Niðurstöður rannsóknarinnar eru að mörgu leyti í samræmi við hugmyndir Colemans (1961) um unglíngamenningu. Hann hélt því fram að vegna sífelldra breytinga nútíma samfélags séu foreldrar ekki alltaf í takt við tímann og eigi erfitt með að skilja félagsglegan veruleika unglínganna, sem hefur breyst mikið síðan foreldrarnir voru ungrir. Þetta kom vel í ljós í rannsókninni þar sem þátttakendur sögðust eiga lítið sameiginlegt með foreldrum sínum, sérstaklega þegar kemur að tækni, fréttum og pólitík annars vegar og hins vegar tölvulæsi og tölvufærni foreldranna. Rannsóknarhóparnir fylgjast lítið með fréttum og hafa engan áhuga á pólitík og fleiru sem foreldrar þeirra tala mikið um. Coleman (1961) talar um að unglíngar eyði miklum tíma með jafnöldrum og myndi sitt eigið litla samfélag sem er oft í litlum samskiptum við samfélag fullorðinna. Unglíngar nota bæði sér orð og tákni sín á milli, hafa ólík áhugamál og jafnvel önnur gildi en fullorðnir. Þetta er einnig í samræmi við það sem kom fram í rannsókninni. Unglíngar eyða mun meiri tíma með vinum sínum en foreldrum. Þeir tala öðruvísi, klæða sig öðruvísi og gera aðra hluti en fullorðnir. Coleman (1961) fjallaði einnig um að unglíngar séu sérstakur markaðshópur og ákveðin gerð afþreyingar sé sérstaklega hönnuð fyrir þá. Skýrt kom fram í rannsókninni að unglíngar hlusta á aðra tónlist og horfa á annað sjónvarpsefni en foreldrar þeirra. Mikið af þeirri afþreyingu sem unglíngar hlusta eða horfa á er sérstaklega gerð fyrir unglínga og er ætlað að höfða til þeirra frekar en fullorðinna.

6.2 Félagsmiðstöðvar

Í starfskrá skrifstofu tómsundamála – ÍTR (2007) kemur fram að félagsmiðstöðvar skapi unglingum aðstöðu til að skemmta sér og verja tíma með jafnöldrum sem er þeim mjög mikilvægt á þessum aldri. Þeir hafa einnig þörf fyrir að tilheyra hópi og eiga í samskiptum jafnt við jafningja og „mikilvæga aðra“. Félagsmiðstöðvarnar veita þeim kjöraðstæður til þess. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar þar sem kom í ljós að það eru skemmtun og félagsskapur sem draga unglinga einna helst að félagsmiðstöðvastarfi. Þátttakendum fannst öllum mjög mikilvægt að félagsmiðstöð sé starfrækt í öllum hverfum og bjóði upp á skemmtilegt starf. Unglingar vilja eiga samastað þar sem er margt hægt að gera og þeir geta skemmt sér með öðrum unglingum og starfsfólki. Skemmtun er unglingum mjög mikilvæg og sækjast þeir einna helst eftir því að hafa gaman í frítíma sínum.

Það er því mjög mikilvægt að félagsmiðstöðvastarf sé skemmtilegt og ekki síður að starfsfólk félagsmiðstöðva sé skemmtilegt til að laða unglingana að því starfi sem þar fer fram. Unglingar eru miklar félagsverur og félagsmiðstöðin þarf að vera staður þar sem unglingar geta hittst og varið tíma sínum. Mikilvægt er að unglingar vilji eyða frítíma sínum í félagsmiðstöðvum þar sem gott og þýðingarmikið starf fer fram.

6.2.1 Félagsfærni og forvarnargildi

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að unglingunum finnst félagsmiðstöðvastarf mikilvægt og það þjóni ýmsum tilgangi. Þeir töluðu meðal annars um að félagsmiðstöðin þétti unglinga- hópinn í hverfinu. Hópefli er mikilvægur partur af starfi ÍTR og felur í sér að þjappa saman hóp einstaklinga þannig að hver og einn upplifi sjálfan sig sem hluta af hópnum. Öll samvera í félagsmiðstöðinni felur í sér ákveðið hópefli, en leikir og ferðir geta verið sérstaklega árángursríkir. Hópefli byggir að miklu leiti á trausti. Þéttur hópur vinnur betur saman, samskipti verða auðveldari og vandamál færri (Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2008).

Rannsóknin sýndi fram á að unglingar gera sér grein fyrir forvarnargildi félagsmiðstöðva-starfs.

KK: „Félagsmiðstöðin getur hjálpað krökkum óbeint frá því að vera gera einhvern annan óskunda, þegar þeir eru hér eru þeir ekki annars staðar að gera eitthvað af sér”.

Þetta er mjög í samræmi við starfskrá Reykjavíkurborgar um forvarnagildi frítímans, sem felst í þátttöku ungmenna í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi. Með því að bjóða upp á jákvæð viðfangsefni í frítímanum með góðum fyrirmyndum aukast líkur á að ungmenni forðist áhættuhegðun og kjósi heilbrigðan lífsstíl (Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur, 2007). Erlendar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að með skipuleggja frítíma ungmenna er hægt að draga úr andfélagslegri hegðun og öðrum vandamálum. Unglingar eru líklegri til frávíkshægðunar í óskipulagðri tómsundariðju með jafnöldrum sem eru án eftirlits fullorðinna. Óskipulagðar tómsundir veita meiri tíma til frávíkshægðunar, nærvera jafnaldra ein og sér auðveldar þátttöku í frávíkshægðun og gerir hana eftirsóknarverðari og fjarvera fullorðinna dregur úr möguleikanum á að brugðist sé við frávíkshægðuninni (Osgood, 1996).

Rannsóknin sýndi fram á að unglíngar gera sér vel grein fyrir jákvæðum áhrifum félagsmiðstöðvastarfs á félagsfærni og persónulega þætti. Í félagsmiðstöðinni eru unglíngar í stöðugum samskiptum og þjálfa þannig samskiptafærni sína sem er mjög mikilvægt upp á framtíðina. Félagsmiðstöðvastarf hjálpar unglíngum að vera opnari, losar þá við feimni, bætir mannleg samskipti, dregur úr félagsfælni, eykur sjálfstraust og fleira. Í félagsmiðstöðvastarfi kynnast unglíngar mörgu fólki, bæði jafningjum og starfsmönnum. Þeir kynnast bæðu fólki í félagsmiðstöðinni og á sameiginlegum viðburðum, böllum, námskeiðum og í ferðum sem félagsmiðstöðvastarfið býður upp á.

Samkvæmt *Starfskrá skrifstofu tómsundamála (2007)* leggur ÍTR áherslu á að vinna með félagsfærni, samskiptafærni, sjálfsmýnd og samfélagslega virkni og þátttöku. Sameiginlegir viðburðir gefa unglíngunum tækifæri á að víkka sjóndeildarhringinn, kynnast öðrum unglíngum og prófa nýja hluti sem eykur félagsfærni þeirra. Þátttaka í tómsundastarfi hefur áhrif bæði á persónulega og félagslega þróun. Unglíngar öðlast frumkvæði, læra margt um sjálfan sig og fá betri mynd af því hverjir þeir eru. Tómsundastarf veitir þeim tækifæri og aðstæður sem geta verið tilvaldar til þroska. Unglíngar upplifa meiri hvatningu og vitsmunalega stefnumótun í ungmenna starfi en annars staðar í lífi sínu (Hansen, Larson og Dworkin , 2003). Þessi rannsókn er í samræmi við margt af því sem fram kemur í starfskrá skrifstofu tómsundamála um áhersluþætti í félagsmiðstöðvastarfi. Rannsóknin styður einnig margt af því sem fram hefur komið í fyrri rannsóknum um jákvæð áhrif skipulagðs tómsundastarfs.

6.2.2 Starfsfólk

Þátttakendur í rannsókninni töldu afar mikilvægt að starfsfólk félagsmiðstöðva sé skemmtilegt. Skemmtilegt starfsfólk er einn helsti kostur félagsmiðstöðvastarfs og ef leiðinlegt starfólk vinnur í félagsmiðstöðinni er það einn helsti galli hennar. Starfsfólk þarf að hafa góð tók á unglíngunum og ná vel til þeirra. Unglíngarnir vilja einnig geta litið á starfsfólk sem fyrirmyndir. Starfsmenn eru í miklum samskiptum við unglíngana og eru oft hjarta félagsmiðstöðvastarfsins. Það er því afar mikilvægt að unglíngunum þyki starfsmenn skemmtilegir. Í starfsmannahandbók félagsmiðstöðva ÍTR er það tekið fram að frístundaráðgjafar eigi að sjá til þess að unglíngum líði vel og finni fyrir öryggi í starfi félagsmiðstöðvarinnar. Starfsmenn eru fyrirmyndir unglínga og þjóna oft mörgum ólíkum hlutverkum í lífi þeirra. Þeir þurfa að vera hinn fullorðni jafningi, setja sig inn í mál unglínganna og bera fyrir þeim virðingu (Adda Rúna Valdimarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (e.d.). Starfsmenn teljast til „mikilvægra annarra” í lífi unglínga og því er mjög mikilvægt að þeir nái vel til unglínganna. Þeir gegna ákveðnu hlutverki í þroska unglínga og þurfa því að búa yfir jákvæðum eiginleikum. Samband unglínga við „mikilvæga aðra” er öðruvísi en samband þeirra við foreldra eða jafnaldra (Beam, Chen og Greenberger, 2002). „Mikilvægir aðrir” veita unglíngum einstakan aðgang að félagsauði með þekkingu sinni (Chang, Greenberg, Chen, Heckhausen og Farruggia, 2010). Coleman (1988) talaði um að mikilvægt væri að finna leiðir til að yfirstíga vandamál lítils framboðs á starfi tengt almanna hagsmunum, þ.e. að nota félagsauð í þágu barna og ungmenna og veita þeim aðgang að félagsammtökum og öðru starfi sem er aðal spretta félagsauðs aðgengileg æskunni.

Félagsmiðstöðvar eru gott dæmi um starf tengt almannahagsmunum sem veitir unglíngum aðgang að félagsauði. Mikilvæg mynd félagsauðs er möguleikinn á upplýsingum sem býr í félagslegum samskiptum. Það er hægt að nýta sér félagsleg samskipti sem er viðhaldið í öðrum tilgangi til að afla sér upplýsinga (Coleman, 1988). Í félagsmiðstöðvum fá unglíngar margvíslegar upplýsingar frá starfsmönnum sem þeir þurfa ekki að afla sér sjálfir og þurfa ekki að endurgjalda greiðann. Starfsmenn geta geta brúað kynslóðabil milli unglínga og foreldra og frætt þá um fjölmargt og svarað spurningum þeirra. Unglíngum finnst þeir oft eiga mun meira sameiginlegt með starfsmönnum en foreldrum sínum og leita til þeirra í mörgum tilfellum sem þeir leita ekki til foreldra og ræða við þá um hluti sem þeir ræða ekki við foreldra sína.

6.3 Fyrirmyndir og sjálfsmynd

Stelpurnar í rannsókninni virtust hugsa meira um útlit en strákar. Sjálfsmynd þeirra var einnig lakari. Strákarnir voru ánægðri með útlit sitt en stelpurnar og töldu sig einnig búa yfir fleiri kostum en göllum öfugt við stelpurnar. Stelpurnar töluðu um að útlitið væri það sem skipti unglunga mestu máli og þær ættu sér jafnvel sérstakar fyrirmyndir þegar kemur að útliti og svo aðrar fyrirmyndir þegar kemur að menntun, starfi og fleira. Þær áttu sér flestar ákveðnar fyrirmyndir útlitslega, en voru ekki með jafn ákveðnar hugmyndir um fyrirmyndir sínar á öðrum sviðum. Það er því greinilegt að þær hugsa mikið um útlitið og telja það skipta mjög miklu máli að líta vel út. Margir töluðu um að frægt fólk og íþróttafólk væru fyrirmyndir sínar sem er í samræmi við það sem hópurinn fylgjast helst með í fréttum. Unglingum finnst mikilvægt að hafa gaman og margir líta upp til fólks vinnur við það sem það elskar.

George Herbert Mead fjallaði um sjálfið og sagði að samfélagið komi á undan einstaklingum og við þurfum samskipti til þess að geta myndað sjálfið. Sjálfið felur í sér félagslega þætti eins og hlutverk, viðmið, reglur, gildi og sjálfstjórn. Fólk hefur mismikil áhrif á okkur og þeir sem hafa mestu áhrifin eru kallaðir „mikilvægir aðrir“ (Kando, 1977). Í félagsmiðstöðvum eru unglingar í stöðugum samskiptum bæði við hver við annan en einnig við starfsfólk sem telst til mikilvægra annarra. Þessi samskipti eiga þátt í að móta sjálfsmynd unglungana og hjálpa þeim að öðlast jákvæða sjálfsmynd.

Samkvæmt sálfræðingnum Erik Erikson er það mikilvægasta verkefni unglingsáranna að ná að móta sjálfsmynd sína. Af viðbrögðum annarra læra unglingar að þekkja sjálfan sig og hvaða hegðun er rétt og röng. Erikson lagði mikla áherslu á hlutverk samfélags unglunganna (og þá sérstaklega þá einstaklinga sem hafa áhrif á unglungana) í að móta sjálfsmynd þeirra (Steinberg, 2005). Í félagsmiðstöðvum geta unglingar aukið sjálfsskilning sinn í samskiptum við aðra og lært af viðbrögðum fólks hvað er rétt hegðun. Í félagsmiðstöðvum eru fáar en skýrar reglur og starfsmenn fylgjast með og leiðbeina unglungunum svo þar eru tilvaldar aðstæður til að læra góð viðmið og gildi og að læra þekkja kosti sína og galla. Mjög mikilvægt er að öðlast góða sjálfsmynd á unglingsárunum því sjálfsmynd fólks hefur einna mest um það að segja hvernig það nýtur sín í samfélaginu (Aldís Guðmundsdóttir, 1992). Félagsmiðstöðvastarf á þátt í að móta sjálfsmynd unglunga og því er starfsemin afar mikilvæg.

7 Lokaorð

Tilgangur þessarar rannsóknar var að reyna varpa ljósi á menningu unglunga og sýn þeirra á félagmiðstöðvar, jafnframt því sem reynt var að setja starf þeirra í kenningalegt og sögulegt samhengi. Helstu niðurstöður voru að unglingar eru sérhópur sem hefur sína eigin menningu. Sú menning er á marga vegu ólík menningu hinna fullorðinna. Unglingar eyða miklum tíma með jafnöldrum og sækjast eftir að hafa gaman. Þeir hafa mikin áhuga á afþreyingu og lítinn áhuga á pólitík. Unglingum finnst mikilvægt að hafa athvarf til þess að verja frítíma sínum og hitta jafnaldra. Þeim finnst mikilvægt að félagmiðstöðvastarf sé skemmtilegt og að starfsmenn félagsmiðstöðva séu skemmtilegir auk þess að vera góðar fyrirmyndir. Unglingunum finnst þeir eiga fátt sameiginlegt með foreldrum sínum en eiga á móti mun fleira sameiginlegt með starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Því má segja að starfsfólk gegni mikilvægu hlutverki sem brú á milli kynslóða. Unglingum þykir félagmiðstöðvastarf hafa marga kosti. Þeir telja þær veita sér margt sem ekki er hægt að nálgast annars staðar. Félagsmiðstöðvastarf eykur sjálftraust og dregur úr feimni og félagsfærni unglunga. Í félagsmiðstöðvum eignast unglingar vini og kunningja, finnst þeir tilheyra hópi og starfið hefur forvarnargildi. Félagsmiðstöðvastarf hjálpar unglingum að auka félagsfærni og styrkja sjálfsmynd sína.

Þetta er afar mikilvægur lærdómur sem allir unglingar þurfa á að halda. Mikilvægt er að vinna að því að styrkja sjálfsmynd unglunga upp á framtíðina og miðla til þeirra jákvæðum gildum sem þeir fá ekki úr fjölmiðlum og þeirri afþreyingu sem á hug þeirra og þeir hafa áhuga á að fylgjast með. Unglingsstúlkur hugsa mikið um útlitið og eru margar með laka sjálfsmynd og því er nauðsynlegt að þær umgangist góðar fyrirmyndir og upplifi sig í jákvæðu ljósi. Hvergi gefst unglingum betra tækifæri til að þjálfa samskiptahæfni sína og aðra félagsfærni en í félagsmiðstöðvum þar sem eiga sér stað stöðug samskipti, það eru fáar reglur og hæft starfsfólk. Því er mikilvægt að sem flestir unglingar eyði frítíma sínum í félagmiðstöðvum og en þá verður framboð afþreyingar bæði að vera að vera fjölbreytt og skemmtilegt eigi það bæði að höfða til einhvers konar breiðfylkingar unglunga og fjölbreytilegra áhugamála.

Félagsmiðstöðvastarf hefur mælanleg áhrif á sjálfsmynd, félagslegan þroska, félagsfærni og forvarnir. Félagsmiðstöðvar hafa einnig jákvæð áhrif á allt umhverfi en ekki einungis þá unglunga sem þangað mæta. Félagsmiðstöðvar geta verið seinasta vígið til að vinna með félagsleg samskipti. Börn og unglingar fá litla þjálfun í félagsfærni í

skólum og þar er ekki unnið að því að styrkja sjálfsmynd þeirra. Nýta mætti félagsmiðstöðvastarf enn betur og jafnvel samtvinna starfið sem þar fer fram við lífsleiknikennslu sem fer fyrir ofan garð og neðan í mörgum skólum. Sjálfsmynd og félagsleg færni skiptir máli í lífinu en lítil áhersla er lögð á það í skólakerfinu. Á unglingsárunum fjarlægjast unglingar oft foreldra sína og því eru félagsmiðstöðvar mikilvægasta verkfæri samfélagsins til að efla félagslegan þroska og sjálfsmynd unglinga.

8 Heimildaskrá

- Adda Rúna Valdimarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar). (e.d.). *Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva ÍTR*. Reykjavík: Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur.
- Aldís Guðmundsdóttir. (1992). *Sálfræði, vöxtur og þroski*. Mál og menning: Reykjavík.
- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík*. Hafnarfjörður: Höfundur.
- Bartko, W. T. og Eccles, J. S. (2003). Adolescent participation in structured and unstructured activities: a person-oriented analysis. *Journal of Youth and Adolescence*, 32, 233–242.
- Beam, M. R., Chen, C. og Greenberg, E. (2002). The nature of adolescents relationships with their very important nonparental adults. *American Journal of Community Psychology*, 30 (2), 305-325.
- Beeghley, L., Powers, C, H. og Turner, J, H. (2006). *The emergence of sociological theory* (6. útgáfa). Belmont: Thomson Wadsworth.
- Berger, K. S. (2011). *The developing person through the life span*. New York: Worth Publishers.
- Bryman, A. (2004). *Social Research Methods* (2. útgáfa). New York: Oxford university press.
- Bull, C., Hoose, J. og Weed, M. (2003). *An introduction to leisure studies*. UK: Pearson education limited.
- Caldwell, L., Darling, N., Payne, L. og Dowdy, B. (1999). Why are you bored?: an examination of psychological and social control causes of boredom among adolescents. *Journal of Leisure Research*, 31, 103–122.
- Calhoun, C., Gerteis, J., Moody, J., Pfaff, S., Schmidt, K. og Virk, I. (ritstjórar). (2007). *Classical sociological theory*. Malden: Blackwell.
- Chang, E. S., Greenberg, E., Chen, C., Heckhausen, J. og Farruggia, S. P. (2010). Nonparental Adults as Social Resources in the Transition to Adulthood. *Journal of Research on Adolescence*, 20(4), 1065-1082 .
- Coleman, J. S. (1965). *Adolescents and the schools*. New York: Basic books Inc.

- Coleman, J. S. (1961). *The adolescent society, the social life of the teenager and its impact on education*. New York: Free press.
- Coleman, J. S. (1988). *Social Capital in the Creation of Human Capital*. University of Chicago. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.
- Crisp, R. og Turner, R. N. (2010). *Essential social psychology*. London: SAGE.
- Eccles, J. og Templeton, J. (2002). Extracurricular and other after-school activities for youth. *Review of Education*, 26, 113–180.
- Giddens, A. (2009). *Sociology* (6.útgáfa). Cambridge: Polity press.
- Hansen, D. M., Larson, R. W. og Dworkin, J. B. (2003). What adolescents learn in organized youth activities: A survey of self reported developmental experiences. *Journal of Research on Adolescence*, 13(1), 25-55.
- Holland, A. og Andre, T. (1987). Participation in extracurricular activities in secondary school: What is known, What needs to be known? *Review of Educational Research*, 57(4), 437-466.
- Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir (ritstjórar). (2008). *Handbók um hópastarf*. Reykjavík: Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur.
- Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur. (e.d.). *Starfsáætlun 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur. (2007). *Starfskrá skrifstofur tómsundamála – ÍTR* [bæklingur]. Reykjavík: Höfundur.
- Kando, T. M. (1977). *Social interaction*. Saint Louis: C. V. Mosby Company.
- Mahoney, J. L. og Stattin, H. (2000). Leisure activities and adolescent antisocial behavior: the role of structure and social context. *Journal of Adolescence*, 23, 113-127.
- Melamed, S., Meir, E. I. og Samson, A. (1995). The benefits of personality-leisure congruence: evidence and implications. *Journal of Leisure Research*, 27, 25–40.
- Muuss, R. E. og Porton, H. D. (1999). *Adolescent behavior and society. A book of reading*. (5.útgáfa). USA: McGraw-Hill.
- Osgood, D. W., Wilson, J. K., O'Malley, P. M., Bachman, J. G. og Johnston, L. D. (1996). Routine activities and individual deviant behavior. *American Sociological Review*, 61, 635–655.

- Patrick, H., Ryan, A., Alfred-Liro, C., Fredricks, J., Huda, L., & Eccles, J. (1999). Adolescents commitment to developing talent: The role of peers in continuing motivation for sports and the arts. *Journal of Youth and Adolescence*, 28, 741–763.
- Samfés (Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi). (e.d.). *Um Samfés*. Sótt 15. febrúar af <http://samfes.is/index.php/umsamfes>
- Steinberg, L. (2005). *Adolescence* (7.útgáfa). McGraw-Hill. New York.
- Trainor, S., Delfabbro, P., Anderson, S. og Winefield, A. (2010). Leisure activities and adolescent psychological well-being. *Journal of Adolescence*, 33, 173-186.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). *Skilgreining á hugtakinu tómstundir*. Fyrirlestur fluttur á menntaviku 2010. *Ráðstefnurit Netlu – Menntavika 2010*. Sótt 23. febrúar 2012 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/025.pdf>
- Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg. (2006). Peer groups and substance use: examining the direct and interactive effect of leisure activity. *Adolescence*, 41, 321-339.
- Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2000). *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglunga*. Reykjavík: Æskan.
- Þórólfur Þórlindsson, Margrét Valdimarsdóttir og Stefán Hrafn Jónsson. (2012). Community social structure, social capital and adolescent smoking: A multi-level analysis. *Health & Place*. Sótt 1. maí 2012 af <http://dx.doi.org/10.1016/j.healthplace.2012.03.013>
- Þórólfur Þórlindsson, Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2007). Individual and community processes of social closure: a study of adolescent academic achievement and alcohol use. *Acta Sociologica*, 50(2), 161-178.